ANTIKVA EHF 2019

# Vífilsstaðaland

## Fornleifaskráning vegna rammahluta aðalskipulags

**Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner og Ómar Smári Ármannsson**





Forsíðumynd: Yfirlitsmynd af Vífilsstöðum tekin frá Hlíðarhorni

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www. antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9222-0-5

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner og Ómar Smári Ármannsson

# Efnisyfirlit

Myndaskrá ........ 8

Inngangur ........ 14

Fornleifaskráningar ........ 15

Skráningarsvæðið ........ 16

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 18

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 22

Jarðarnúmer ........ 23

Tegund, hlutverk og heiti ........ 23

Staðsetning ........ 23

Staðhættir og lýsing ........ 24

Hættumat ........ 24

Fornleifar á svæðinu ........ 24

Vífilsstaðir [175] ........ 25

Vífilsstaðir bæjarstæði [1600] ........ 28

Vífilsstaðatúngarðar – tún og garðlag [1601-1609] og kví – aðhald [1749] hleðslur ........ 29

Kálgarður [1602] ........ 31

Yfirlæknisbústaður [1603] hús bústaður ........ 33

Davíðsborg og Önnuborg [1604] hús bústaður ........ 33

Útihús – hæsnakofi [1605] heimild ........ 34

Fjós [1606] útihús ........ 34

Vífilsstaðir – Berklaspítali [1607] ... 35

Torftökustaður [1608] heimild um ristu ... 37

Vífilsstaðalækjarbrú [1610] steypt ... 38

Suðurtraðir [1611] og Norðurtraðir [1612] heimild ... 39

Jónshellnastígur – Berklastígur [1613] gata ... 40

Jónshellar og Jónsflöt [1614] hellir ... 43

Vífilsstaðalækur – vatnsból [1615] lækur ... 44

Finnsstekkur – Finnsstaðir [1616-1617-1652] tóftir og garðlag ... 45

Rjúpnahæðarvarða – landamerki [1618] heimild ... 47

Vatnsgeymir [1619] steinsteypa ... 48

Sauðahellir við Kolanef [1620] hleðslur hellir og kolagrafir [1761] grafir ... 48

Skotbyrgi Hnoðraholti [1621] byrgi ... 50

Hnoðri landamerki [1622-1759] og [1626] vörður og vörðubrot ... 51

Vífilsstaðabeitarhús [1623] tóft og Fjárborg [1625] hleðslur og leið [1758] gata ... 52

Kví – aðhald [1624] ... 57

Fjárgirðing – landamerkjagarður [1654-1762] garðlag – girðing ... 58

Útihús – fjárhús [1627] tóft ... 60

Vífilsstaðastígur [1629] gata – stígur ... 60

Skotbyrgi [1630] ... 61

Útihús – geymsla [1631] hús ... 61

Grímsseta – kennimark [1632] varða ... 62

Grunnavatnsstígur – stígur [1633] gata ... 64

Vatnskofi [1634] kofi ... 65

Flóttavegur – Vatnsendavegur [1635] leið ... 65

Kjóavallavarða [1636] landamerki heimild ... 66

Hádegishóll – Dyngjuhóll eyktamark landamerki [1637-1743] vörður ... 66

Maríuhellar – Vífilsstaðahellir [1638] og Urriðakotshellir [1732] hellar fjárskjól ... 67

Álfaklettur – Álfabyggð [1639] – heimild ... 70

Stekkjartún – Stekkurinn [1640] ... 71

Guðnýjarstapi – Markavarða landamerki kuml [1641] varða hleðslur ... 72

Hallbera – kennimark [1642] varða ... 73

Kví og kennimark [1643-1755] hleðslur og varða ... 74

Draugahellir [1646] hellir ... 74

Gjáarréttargötur – gata [1647] heimild ... 75

Aðhald – kví [1648] hleðsla ... 75

Vaðið [1649] vað ... 76

Bjarnarkriki [1650] heimild þjóðtrú ... 76

Smalholtsvarða [1651] landamerki heimild ... 77

Vatnsból [1653] lind ... 77

Lágmynd [1655] ... 78

Leið Grímseta [1656] ... 79

Vatnsgeymir [1657] steinsteypa ... 80

Rétt – stekkur [1658] tóft ... 80

Réttarflatir rétt [1659] heimild ... 82

Moldargötur – Gjáarréttarstígur Álftnesinga [1700] leið ... 83

Kvíar – stekkur – stöðull [1746] hleðslur ... 84

Garður [1747] garðlag hraunhleðslur ... 84

Fjárhús garður [1748] tóft og garðlag ... 85

Kálgarður [1750] heimild ... 86

Kálgarður [1751] heimild ... 86

Tóft óþekkt [1752] grjóthleðsla ... 87

Garður - girðingastæði [1754] garðlag hleðslur ... 88

Alfaraleið [1756] gata ... 89

Garðyrkjukofi [1757] kofi skýli ... 90

Bryggja lending [1765] bryggja og leið [1763] gata ... 91

Miðaftanshóll – eyktamark landamerki [2002] varða ... 92

Tóftir við Grunnuvötn [2008] ... 93

Leið [2084] gata – stígur og varða [2089] varða ... 94

Vörður og vörðubrot í Sandahlíð landamerki [2126-2127-2128] vörður ... 95

Arnarbæli landamerki [2124] varða ... 96

Húsgrunnur – herminjar [2125] steypt plata og grjóthleðsla ... 97

Nónhóll varða [2130] landamerki ... 98

Heiðmerkurvegur [2131] ... 98

Vatnsás landamerki [2133-2134] vörður ... 99
Vífilsstaðasel ... 99
Stekkur [2109] ... 102
Selskvíar [2110] hleðslur ... 104
Vífilsstaðasel eldri tóftir [2111] og [2112] ... 104
Vífilsstaðasel yngsta [2113] tóftir ... 104
Stekkur yngsti [2114] hleðslur ... 106
Selbrunnur vatnsból [2115] brunnur ... 107
Selstígur – leið [2103] gata – stígur ... 108
Kennimörk [2101-2102] varða og vörðubrot ... 109
Kennimörk [2104-2105-2106] varða og vörðubrot ... 109
Selsvörður – kennimark [2107-2108] varða ... 110
Víkurholtsvarða syðri – landamerki [2069] varða ... 111
Varða – landamerki [2070] varða ... 111
Víkurholtsvarða nyrðri – landamerki [2071] varða ... 112
Varða – landamerki [2072] varða ... 112
Selgjárvarða – landamerki [2073] varða ... 113
Vífilsstaðagata [1456] ... 113
Samantekt og niðurstöður ... 113
Heimildir ... 117
Fornleifaskráning ... 117

Fornrit, jarðabækur og sýslulýsingar ........ 117

Kort og landamerkjaskrár ........ 118

Árnastofnun - Örnefnasafn ........ 118

Vefsíður ........ 119

## Myndaskrá

Mynd 1 Skráningarsvæðið, bláu punktarnir eru landamerkja vörður og eru þær flestar ennþá til staðar. ........ 16

Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ. ........ 18

Mynd 3 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands ........ 22

Mynd 4 Vífilsstaðarbærinn árið 1910. Ljósmynd fengin hjá Garðabæ. ........ 26

Mynd 5 Túnakort frá 1919 sem sýnir bæjarstæðið, túngarðar, spítalann og fleiri hús. ........ 27

Mynd 6 Horft yfir kálgarða [1602] og yfir slétt bæjarstæðið á Vífilsstöðum. ........ 28

Mynd 7 Hluti af Austurtúngarði [1601] horft í átt að Vatnsmýrinni. ........ 29

Mynd 8 Vesturtúngarður [1601] horft í vestur. ........ 30

Mynd 9 Leifar aðhalds [1749] við Vesturtúngarð [1601]. ........ 31

Mynd 10 Grjóthlaðnir kálgarðsveggir [1602] við gamla bæjarstæðið [1600]. ........ 32

Mynd 11 Yfirlæknisbústaður [1603] á Vífilsstöðum byggður skömmu eftir 1910. ........ 32

Mynd 12 Davíðsborg og Önnuborg [1604] sambyggð íbúðarhús. ........ 33

Mynd 13 Fjósið [1606] var byggt árið 1916 á Vífilsstöðum. ........ 34

Mynd 14 Vífilsstaðaspítali [1607] og umhverfi. ... 35

Mynd 15 Vífilsstaðaspítali og húsin í kring. Vegurinn liggur í gegnum hverfið en ekki fyrir norðan fjósið eins og í dag. Mynd fengin frá Garðabæ. ... 36

Mynd 16 Horft yfir túnið í átt að Spítalanum. Mynd fengin hjá Garðabæ. ... 37

Mynd 17 Horft norður frá Vífilsstaðalækjarbrú [1610] og Suðurtröðum [1611] í átt að bæjarstæði Vífilsstaða [1600] ... 38

Mynd 18 Uppdráttur frá 1906 frá því að dönsku herforingjaráðskortin voru í vinnslu. ... 39

Mynd 19 Berklasjúklingar frá Vífilsstöðum [1607] tjalda við Jónshella fyrir enda Berklastígs [1613]. Myndin er fengin frá Garðabæ. ... 40

Mynd 20 Jónshellnastígur – Berklastígur: Þarna hefur gatan verið unninn. ... 41

Mynd 21 Jónshellnastígur - Berklastígur ... 42

Mynd 22 Jónshellar og Jónsflöt [1614]: Erfitt er að sjá fyrir gróðri en inngangur í hellana er hægra megin. ... 43

Mynd 23 Einn af skútunum í Jónshelli [1614]. ... 44

Mynd 24 Finnsstaðir – Finnsstekkur [1616]. ... 45

Mynd 25 Finnsstekkur – Finnsstaðir: þúfur sem sjást sunnan við tóftina eru greinilega manngerðar. ... 46

Mynd 26 Vatnsgeymir [1619] í Vífilsstaðahlíð. ... 47

Mynd 27 Sauðahellir [1620]: vel hlaðnir veggir eru við inngang í hellinn. ... 48

Mynd 28 Kolagrafir [1761] á Kolanefsflöt. ... 49

Mynd 29 Skotbyrgi í Hnoðraholti [1621]. ... 50

Mynd 30 Vörður á Hnoðraholti: grjóthlaðin varða [1626], yfirgróin varða [1622] og vörðubrot [1759]. ... 51

Mynd 31 Horft norðaustur yfir Vífilsstaðabeitarhús [1623] og fjárborg [1625]. .................... 52

Mynd 32 Vífilsstaðabeitarhús [1623]. ........................................................................ 53

Mynd 33 Horft suður yfir litla hlöðu vestan megin við beitarhúsið [1623]. .......................... 54

Mynd 34 Fjárborgin [1625] er að hverfa í birkiskóg og þyrfti að grisja hana. ....................... 55

Mynd 35 Landamerkjagarður [1654] við Vífilsstaðabeitarhús [1623]. Horft í suður. ............ 55

Mynd 36 Stígur [1758] liggur upp að fjárborginni [1625] og beitarhúsi [1623]. Horft í suðvestur. ........................................................................................................ 56

Mynd 37 Kví – aðhald [1624] í Svínahrauni. ............................................................ 57

Mynd 38 Fjárgirðing – landamerkjagarður [1762] í Svínahrauni. ........................................ 58

Mynd 39 Fjárgirðing – landamerkjagirðing [1762] undir birkiskógi. .................................... 59

Mynd 40 Útihús – fjárhús [1627] rétt við göngustíg eða gamla selstíginn [2103]. ................ 60

Mynd 41 Skotbyrgi [1630] efst í Svínahlíðinni. .......................................................... 61

Mynd 42 Kofi – útishús – geymsla [1631] fast við yfirlæknisbústaðinn. .............................. 62

Mynd 43 Grímsseta [1632]. Horft yfir Vífilsstaðarland. ................................................ 63

Mynd 44 Grunnavatnsstígur [1633] þegar hann kemur yfir Grunnavatnskarð. ..................... 64

Mynd 45 Vatnskofinn [1634] rétt niður við vatnsósinn. .................................................. 65

Mynd 46 Yfirlitsmynd af Dyngjuhóll og Hádegishóll. ........................................................ 66

Mynd 47 Vörður á Dyngjuhól [1637-1743]. ................................................................. 67

Mynd 48 Maríuhellar horft yfir Vífilsstaða og Urriðakotshelli. ............................................ 68

Mynd 49 Maríuhellar uppdráttur á skilti við hellana. ...................................................... 69

Mynd 50 Vífilsstaðahellir - Maríuhellar [1638]. ........................................................... 70

Mynd 51 Leifar af stekknum [1640] í Stekkjartúni. 71

Mynd 52 Guðnýjarstapi [1641]. 72

Mynd 53 Kví [1643] og kennimark [1755]; það glittir í vörðuna lengst til vinstri. 73

Mynd 54 Draugahellir [1646] er stór og hár. 74

Mynd 55 Kví [1648]: Hlaðið er á milli tveggja hraunkletta. 75

Mynd 56 Gamla vaðið yfir Vífilsstaðalæk rétt við Vatnsós Vífilsstaðavatns. 76

Mynd 57 Lágmynd á Skyggnisholti. 78

Mynd 58 Gata [1656] upp á Hlíðarhorn að Grímsetu [1632] (efst t.v.) og skotbyrgi [1630]. 79

Mynd 59 Vatnsgeymir [1657] rétt hjá Vífilsstaðarós. 80

Mynd 60 Rétt – stekkur [1658] í Svínahrauni. Flætt hefur yfir svæðið sl. ár. Fyrri myndin var tekin 2013. 81

Mynd 61 Moldargötur [1700] liggja milli Svínahrauns og Moldarbrekkna. 82

Mynd 62 Kví – stekkur – stöðull [1746]. 83

Mynd 63 Garður [1747] við Kúagjótur. 84

Mynd 64 Fjárhús [1748] neðan Vífilsstaða. Minna hólfið sést innst í húsinu t.v. 85

Mynd 65 Garðlag við fjárhús [1748]. Horft í suðaustur. 86

Mynd 66 Óþekkt mannvirki [1752] fast austan við Austurtúngarð [1609]. 87

Mynd 67 Eitt af mörgum garðlögum í Svínahrauni [1754]. 88

Mynd 68 Malarstígur sem nú liggur á kafla gömlu Alfaraleiðarinnar 81756] í átt að Vífilsstaðavatni. 89

Mynd 69 Skýli [1757] garðyrkjukonu Vífilsstaða við gamla bæjarstæðið [1600]. 90

Mynd 70 Sjúklingar frá Vífilsstöðum á siglingu um vatnið. Myndin er fengin frá Garðabæ. 91

Mynd 71 Troðningur [1763] niður að bryggjunni [1765] við Vífilsstaðavatn. 92

Mynd 72 Miðaftanshóll [2002]: eyktamark og hornmark. 93

Mynd 73 Tóftir [2008] við Grunnavatn nyðra. 94

Mynd 74 Fallinn varða [2089] við leið [2084]. 95

Mynd 75 Vörður [ 2126-2127-2128] í Sandahlíð. 96

Mynd 76 Varða á Arnarbæli [2124]. 97

Mynd 77 Húsgrunnur – braggi [2125]: steypt plata og grjóthleðsla. 97

Mynd 78 Varða á Nónhól [2130]: eyktamark frá Vífilsstöðum. 98

Mynd 79 Landamerkjavörður [2133-2134] á Vatnsás ofan við Grunnavatn. 99

Mynd 80 Uppdráttur af Vífilsstaðaseli 2011 eftir Ómar Smára Ármannsson. 100

Mynd 81 Teikning af selinu [2113] eftir Önnu Lísu Guðmundsdóttur og Margréti B. Magnúsdóttir 102

Mynd 82 Stekkjarleifar [2109] sunnan við seljatóftir [2111-2112]. 103

Mynd 83 Selskvíar [2110]. 103

Mynd 84 Fremst eru leifar af eldra selinu [2111-2112] en yngstu tóftirnar [2113] sjást fyrir aftan. 104

Mynd 85 Horft vestur yfir tóftaröð frá yngstu seljasamstæðunni [2113] 105

Mynd 86 Tekið með flygildi selið sést vel og stekkurinn fyrir ofan það. Landslag ehf. 105

Mynd 87 Stekkur [2114] á Selás. 106

Mynd 88 Vatnsból í selinu. 107

Mynd 89 Selstígurinn [2113] – Vífilsstaðastígur [1629] rétt áður en komið er heim að bæ. 108

Mynd 90 Vörðubrot [2101-2102] á Selás ofan við Selið [2111-2112-2113]. 109

# Inngangur

Að beiðni Arinbjörns Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra Garðabæjar, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna rammahluta aðalskipulags Vífilsstaðalands sem Batteríið ehf., Landslag ehf. og Efla hf. vinna að.

Skipulagssvæðið nær yfir allt land hinna fornu Vífilsstaða og miðast fornleifaskráningin við það. Á þessu svæði eru einnig stríðsminjar áberandi, í Hnoðraholti og nyrst í Svínahlíð eða Vífilsstaðahlíð en þar eru skotbyrgi. Minjar tengdar Vífilsstöðum sem miðstöð berklalækninga eru enn fremur einkennandi kringum spítalann sjálfan og í næsta nágrenni hans.

Þegar Vífilsstaðaland allt er skoðað fer þó mest fyrir fjölbreyttum minjum tengdum búrekstri enda hefur þar verið búið allt frá landnámi og fram á síðari hluta 20. aldar. Dæmigerðar búskaparminjar í hrauninu eru til dæmis stekkir, kvíar, réttir, aðhöld, garðlög, beitarhús, fjárhellar og fjárborg. Í Hálshúskrika norðan Vífilsstaðavatns eru Finnsstekkur og Finnsstaðir með tóftum frá beitarhúsi sem virðist byggt ofan í bæjarhól og gætu þar verið minjar um forna hjáleigu. Norðan Víkurholts, í suðurenda Vífilsstaðalands, er svokallað Vífilsstaðasel með miklum seljatóftum, kvíum og stekkjum. Líklega hefur verið sel þar allt frá miðöldum.

Minjar finnast þannig á víð og dreif um allt Vífilsstaðaland og endurspegla hvernig starfsemin kringum búið teygði sig út um króka og kima á jörðinni. Fólk þurfti að komast leiðar sinnar milli bæja, útihúsa og selja og því lá fjölbreytt leiðakerfi um Vífilsstaðaland sem að nokkru leyti hefur verið nýtt fram á þennan dag með því að fornar götur hafa sameinast gönguleiðum og akvegum. Á svæðinu eru einnig óvenjulega margar hlaðnar vörður, ýmist til að varða götur eða vera landamerki, eyktamörk og önnur kennimörk.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu, en þeir hafa farið ótal ferðir um svæðið gegnum tíðina.

Öðrum sem veittu aðstoð við gerð þessarar fornleifaskráningar er þökkuð aðstoðin; enginn nefndur, enginn gleymdur.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

## Fornleifaskráningar

Þegar árið 1964 gerði Gísli Gestsson, safnvörður og aðstoðarmaður þjóðminjavarðar, fornleifakönnun á rústum í landi Vífilsstaða sem voru í framhaldinu friðlýstar með formlegu samkomulagi við Skógræktarfélags Íslands og bréfi Kristjáns Eldjárns þjóðminjavarðar, dags. 21. apríl sama ár.[1] Fyrsta skipulagða fornleifaskráningin í Garðabæ fór svo fram á vegum Þjóðminjasafns Íslands árið 1984 og skráði Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson þá Vífilsstaðaland að hluta. Byggðasafn Skagfirðinga vann síðan fornleifaskráningu vegna deiluskipulags Urriðaholts eða Urriðakots, aðliggjandi jarðar Vífilsstaða, árið 2005, og sáu Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner um þá skráningu.[2] Síðan vann Fornleifastofnun Íslands ses. fornleifaskráningu fyrir aðalskipulagið í Garðabæ og kom sú skýrsla út árið 2009. Í henni er að finna skráningu á Vífilsstöðum en þó ekki tæmandi.[3] Hluti af jörðinni var svo skráður árið 2013 við deiliskipulag Sandahlíðar og Heiðmerkur af Ragnheiði Traustadóttur og Ómari Smára Ármannssyni.[4] Stuðst er við fornleifalýsingar úr fyrri skýrslum eftir því sem viðeigandi þykir og jafnframt er hér höfð til hliðsjónar ritgerð Erlu Biljar Bjarnadóttur, *Vífilsstaðir í fortíð og framtíð*, sem hún skrifaði við ferðamálabraut Háskólans á Hólum árið 2008. Skráningin sem hér fer á eftir er þó viðameiri og nákvæmari en fyrri skráningar á svæðinu. Frá því þær fóru fram hafa staðlar Minjastofnunar Íslands líka breyst hvað varðar

---

[1] Gísli Gestsson skoðaði m.a. Vífilsstaðabeitarhús [1623] og fjárborg [1625], Vífilsstaðasel [2111-2112-2113], selskvíar [2110] og stekkjarleifar [2109-2114] við selið. Hann tók ljósmyndir á vettvangi. Sjá: *Friðlýsingarbréf*.
[2] Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*.
[3] Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson. *Fornleifaskráning í Garðabæ*.
[4] Ragnheiður Traustadóttir og Ómar Smári Ármannsson. *Heiðmörk og Sandahlíð í Garðabæ*.

fornleifaskráningu og ber nú meðal annars að mæla upp allar minjar. Er það gert í þessari skráningu.



**Mynd 1 Skráningarsvæðið, bláu punktarnir eru landamerkja vörður og eru þær flestar ennþá til staðar.**

## Skráningarsvæðið

Vífilsstaðir áttu að suðvestan landamerki til móts við Urriðakot og Hafnarfirði, að norðvestan við Hagakot, Hofsstaði og Arnarnes en að norðaustan og austan við Fífuhvamm eða Hvammkot og Vatnsenda. Sunnan megin lá Vífilsstaðaland að Fjallinu, afréttarlöndum Álftaneshrepps hins forna eða Garðalandi. Við norðvesturhorn svæðisins innan þessara marka myndaði Miðaftanshóll [2002] hornmark milli Vífilsstaða, Urriðakots og Hafnarfjarðar. Úr honum lágu landamerkin norðaustur í lækinn, um svokallaða Gróf, í Sérstökuþúfu eða Syðriþúfu, upp í Markvörðuna Hallberu [1642] og Guðnýjarstapa [1641] á Hofstaðahæð eða Hofstaðaholti og þaðan áfram um Þvergilsmel í Dýjakróka, hornmark milli Vífilsstaða, Arnarness og Fífuhvamms. Úr Dýjakrókum lá línan austur um Hvergil og Kringlumýri í

Hnoðra [1622] á Hnoðraholti, suðaustur niður um Leirdal; þaðan áfram í Smalholtsvörðu [1651] á Smalaholti og svo um syðsta hluta Rjúpnadals í hornmarkið Rjúpnahæðarvörðu [1618] á Rjúpnahæð eða Rjúpnahlíð. Merkin lágu síðan suður í Kjóavallavörðu [1636] í miðjum Kjóavelli, áfram um Básinn eða Vatnsendabás, austan í Sandahlíð, og svo í Arnarbæli syðst í hlíðinni en þar er hornmark [2124], merki Vífilsstaða og Vatnsenda og jafnframt sýslumörk Gullbringu- og Kjósarsýslu. Úr Arnarbæli lá línan suðvestur um Vatnsásinn eða Grunnvatnsás [2133-2134], þaðan í Víkurholtsvörður á Víkurholti [2069-2070-2071-2072] og svo niður í vörðu sem var hornmark [2073] Vífilsstaða, Garðakirkjulands og Urriðakots á gjárbarmi Norðurhellna. Að lokum lágu mörkin neðan Svínahlíðar norðvestur utan með jaðri Urriðakotshrauns í Hádegishól [1637], framhjá Maríuhellum [1638-1646-1732], eftir landamerkjagarði [1762] í suðurjaðri Svínahrauns og svo aftur í Miðaftanshól.[5]

Svæðið innan þessara marka teygir sig úr norðvestri í suðaustur og er að mestu láglent norðvestan megin en hálendara suðaustan megin. Um miðbik jarðarinnar, suðaustast á láglendinu, er Vífilsstaðavatn og úr því rennur Vífilsstaðalækur þar sem var vatnsból [1615]. Vífilsstaðatúnið er ofan við lækinn, norðvestan vatnsins. Ofan og norðan við túnið er Vetrarmýri en Vatnsmýri sunnan megin. Um láglendið austan- og norðanvert lykja Hofsstaðaholt eða Hofsstaðahæð, Hnoðraholt og Smalaholt en í suðri eru Sandahlíð og Svínahlíð eða Vífilsstaðahlíð eins og hún hefur verið nefnd á síðari tímum. Utan markanna að vestanverðu er svo Urriðakotsholt. Suður af Vatnsmýri er Svínahraun en svo nefndist upprunalega allt hraunið sem teygir sig bæði í norðvestur og suðaustur. Sá hluti þess sem er neðan Vífilsstaða hefur þó stundum verið kenndur við þá en hraunið neðan Svínahlíðar hins vegar við Urriðakot. Svínahlíð og Sandahlíð eru upp af Vífilsstaðavatni en norðaustur af Sandahlíð er Rjúpnahlíð með Kjóavelli á milli. Milli Sandahlíðar og Svínahlíðar liggur Grunnavatnaskarð og sunnar eru Grunnuvötn nyrðra og syðra sín hvoru megin við Vatnsás. Upp af ásnum er Arnabæli (174 m) og ber það ásamt Víkurholti (173 m) hæst við suðausturmörk Vífilsstaðalands.[6]

---

[5] Hér er stuðst við Ö-Vífilsstaðir GS og Guðlaug Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 44-48, 84, 93.
[6] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 44-45.




**Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.**

# Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Attributes *Text* Relations Geo Objects *Documents* Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Sérheiti | Vífilsstaðabeitarhús |
| Bæjarnafn | Vífilsstaðir |
| Jarðatal Johnsen | 175 |
| Flokkun | Búsetuminjar |
| Tegund | Tóft |
| Lengd | 11.5 meter |
| Breidd | 8.2 meter |
| Hæð | 1,20 metrar |
| Athugasemdir | |
| Umhverfi | Hraun, mosi, lyng og birki |
| Adalsvædi | Heiðmörk |
| Svæði | Svínahraun |
| Túnakort | <None> |
| Heimildir | |
| Örnefnaskrá | Ö-Álftaneshreppur GS, 18. Ö-Vífilsstaðir GS. |
| Aldur | 1800-1900 |
| Skráning | RT-LLD |
| Mæling | Uppmæling |
| Ár | 2014,2017 |
| Dagur | |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | Engin hætta |
| Hættuorso | <None> |
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar |
| GPS hnit Norður | 6403585 |
| GPS hnit Vestur | 2152501 |
| Verkefni | Deiliskipulag Vífilsstaðir |
| Gömul númer | 175-23 |
| Sveitarf | Garðabær |
| Sveitarfelagsnr | 210 |
| Friðað | Já |

**Mynd 3 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.**

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar allar undir jörðina Vífilsstaði. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

## Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Finnstekkur [1616]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „fjárborg [1625]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ. Þessi númer fylgja öll í meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Grímsseta [1632], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

### Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki var það 14 fornleifar sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

## Fornleifar á svæðinu



## Vífilsstaðir [175]

Vífilsstaðir eru fyrst nefndir í *Landnámu*. Þar segir frá Vífli og Karla, þrælum Ingólfs, sem fundu öndvegissúlur hans reknar á land við Arnarhvol neðan eða vestan við Mosfellsheiði. Ingólfur gaf Vífli frelsi „ok byggði hann at Vífilstóptum" eða „Vífilsstöðum". „Þar bjó hann lengi, varð skilríkr maðr."[7] Samkvæmt *Landnámu* er Vífilsfell einnig kennt við við Vífil.

Vífilsstaða er síðan víða getið í *Fógetareikningum* á 16. öld, fyrst í leigna, landskyldar og skreiðargjaldsreikningi Kristjáns skrifara fyrir Viðeyjarklaustursjarðir og konungsjarðir í Kjalarnesþingi árin 1547-1548: „Jtem met Weuelstedom ij legekior. xij for. landskyldt en quelde. ij lege vj forenger smör dt. her ij foder iiij lamb oc aff foder 4 lam oc ij landskyldt en 4 ar gamle ko dt."[8] Árin 1549-1550 segir: „Jtem mett Wiüelstedom ij kiör xij foer landskiöld jc n lege vij förenger smör etc. oc j lege til geffuit for en geldmelckeko oc j landsskyldt en vj ar gamel ko etc."[9] Þetta er svo endurtekið nánast orðrétt í afgjaldareikningi og sjávarútgerðarbók árið 1550: „Jtem mett Wiiüelstedom ij kiör xij foer landskyldt jc ij lege vij förenger smör etc. oc j lege tilgeffurt for en geeldmelckeko oc j landskyldt en sex ar gamel ko etc."[10] Árið 1552 kemur fram í leigna, landskyldar og skreiðargjaldsreikningi Eggerts Hannessonar fógeta að með Vífilsstöðum séu: „iiij kör. vj faar. landskyld jc. Ij leger j vett smör. dt. och ij landskyld j iij aars gamel ko. dt."[11] Samkvæmt afgjaldssreikningi Eggerts sem ári síðar er titlaður hirðsstjóri fær Jón Pálsson átta álna vaðmál af Vífisstöðum: „Jtem Ion Pouelsson aff Vijuelsted viij alne vattmell."[12]

Vífilstaðir hafa fyrst verið í eigu Viðeyjarklausturs og síðan konungs en árið 1558 fær Garðakirkja þá með formlegu jarðaskiptabréfi: Kirkjujörðin Hlið er lögð til Bessastaða en "til Garða í staðinn Viðeyjarklaustrsjörðin Vífilsstaðir."[13] Jörðin er síðan áfram í eigu

---

[7] *Íslenzk fornrit*, I, 44-45.
[8] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII, 113.
[9] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII, 154.
[10] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII, 174.
[11] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII, 400.
[12] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII, 477.
[13] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XIII, 317.

Garðakirkju. Árið 1565 segir um byggingu eða leigu á jörðum kirkjunnar: „Wifilstader Jone Pälssyne fyrer malnytu kugillde og mannslän. Med jördunne ij kugillde.“[14]



**Mynd 4 Vífilsstaðarbærinn árið 1910. Ljósmynd fengin hjá Garðabæ.**

Jörðin er enn í eigu Garðakirkju við jarðaskráningu Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1703. Þá er ábúandi Jón Stefánsson og heimilismenn tíu talsins. Jarðardýrleiki er óviss en leigukúgildi tvö. Í bústofninum eru sex kýr, ein veturgömul kvíga, tveir kálfar, átján ær, tveir þrevetra gamlir sauðir, þrír tvevetra og tólf einsvetrar gamlir, sextán lömb, tveir hestar, einn tvevetra foli og eitt hross. Eldiviðartak er erfitt vegna skógareyðingar og móskorts en Vífilsstaðir hafa skógartak til kolagerðar í landi kirkjunnar. Þar hafa þeir einnig skelfiskfjöru til beitar. Jörðin á ekkert heimræði en hefur „búðarstæði og skipsuppsátur frí við Ofanmannabúð“ sem trúlega hefur verið neðan Garðahverfis á leiðinni út á Álftanes en þar

[14] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XIV, 437.

áttu Garðakirkjujarðir varir. Silungsveiði er lítið nýtt að sögn þeirra jarðabókarmanna, en hefði þó verið möguleg í Vífilsstaðavatni.[15]




**Mynd 5 Túnakort frá 1919 sem sýnir bæjarstæðið, túngarðar, spítalann og fleiri hús.**

Jörðin er áfram í eigu Garðakirkju samkvæmt *Jarðatali* árið 1847 og ábúandi einn leigjandi. Jarðardýrleiki er ótilgreindur en kúgildin áfram tvö.[16] Lítið tún var við Vífilsstaði í byrjun 20. aldar en síðan var ráðist í stórfelldar jarðabætur með tilkomu heilsuhælis [1607] fyrir berklasjúklinga árið 1910. Mýrar voru ræstar fram og sáð í holt og mela. Kotbýlið Víifilsstaðir breyttist í stórbýli.[17] Lengi var mikið kúabú rekið á Vífilsstöðum í tengslum við hælið og var búrekstri þar haldið áfram til ársins 1974. Meðferðarheimili fyrir áfengissjúklinga var einnig rekið á Vífilsstöðum frá árinu 1976.[18]

[15] *Jarðabók*, 224-225.
[16] *Jarðatal á Íslandi*, 92.
[17] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 45.
[18] Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, „Vífilsstaðir“, 115.



**Mynd 6 Horft yfir kálgarða [1602] og yfir slétt bæjarstæðið á Vífilsstöðum.**

## Vífilsstaðir bæjarstæði [1600]

Frá árinu 1910 er til ljósmynd af gamla bænum (sjá mynd 4) sem sýnir fimm hús og snúa fjögur þau eystri fram eða suður. Bærinn er úr torfi en framgaflar úr timbri. Vífilsstaðaspítali [1607] sést í norðaustri. Á túnakorti árið 1919 er bærinn sýndur tiltölulega neðarlega í miðju túninu, nokkru fyrir ofan lækinn sem rennur úr Vífilsstaðavatni og um 150 m suðvestan við spítalann. Fast austan og sunnan sunnan við bæinn voru kálgarðar.[19] Samkvæmt örnefnaskrá árið 1964 stóð Vífilsstaðabærinn „nær því í miðju túni vestanverðu. Rústir nú."[20] Bærinn var í ábúð til 1913 eða þangað til skömmu eftir að berklahæli var komið upp á jörðinni árið 1910. Í örnefnalýsingu frá árinu 1991 segir: „Bærinn stóð niður við lækinn suðvestur frá hælinu. Rústir sjást enn."[21] Miðað við það hafa bæjartóftirnar verið sýnilegar fyrir átján árum en nú er þarna sléttað tún. Engar tóftir sjást á yfirborði en dældir og misjöfnur eru í túninu og leifar gamla bæjarins gætu leynst undir sverði. Byggð hefur verið lengi á Vífilsstöðum og þarf því að fara með mikilli gát í túninu en umfang minjasvæðisins gæti verið allt að 100 m.

---

[19] *Túnakort Vífilsstaða*, 1919.
[20] Ö-Álftaneshreppur GS, 16.
[21] Ö-Vífilsstaðir EBB.



**Mynd 7 Hluti af Austurtúngarði [1601] horft í átt að Vatnsmýrinni.**

## Vífilsstaðatúngarðar – tún og garðlag [1601-1609] og kví – aðhald [1749] hleðslur

Í örnefnaskrá segir: „Vífilsstaðatún: Tún býlisins í brekku undir melholtinu, þar sem heilsuhælið stendur nú.“[22] Á túnakorti frá 1906 eru sýndir hlaðnir garðar umhverfis túnið austan-, norðan- og sunnanvert og liggja niður að Vífilsstaðalæk [1615].[23] Á túnakorti frá 1919 kemur fram að túnið sé allt sléttað en stærð þess er ekki gefin upp. Það er umgirt görðum og girðingum á alla vegu nema á kafla sunnan megin þar sem er mýrlendi og lækurinn.[24] Samkvæmt örnefnaskrá var túnið „umgirt Vífilsstaðatúngörðum, vestan, ofan, norðan og austan. Vesturtúngarður lá neðan frá læk upp á holtið. Frá bænum lágu Vífilsstaðatraðir upp í Traðarhlið á Norðurtúngarði. [...] Austurtúngarður lá ofan af melnum niður undir lækinn.“[25]

[22] Ö-Álftaneshreppur GS, 16.
[23] *Túnakort Vífilsstaða*, 1906.
[24] *Túnakort Vífilsstaða*, 1919.
[25] Ö-Vífilsstaðir GS.



**Mynd 8 Vesturtúngarður [1601] horft í vestur.**

Vífilsstaðatúngarðar eru nú að mestu horfnir en hafa þó varðveist á tveimur köflum. Um 85 m langt brot af Austurtúngarði [1609] liggur í suður niður meðfram austurjaðri túnsins; það er afar sigið og nær hleðsluhæðin mest um 0,4 m. Þá liggur um 56 m langt brot af Vesturtúngarði [1601] í suðvestur neðan leikskólans Sunnuhvols, rétt sunnan við göngustíg. Af túnakortinu frá 1919 má raunar ráða að Vesturtúngarðurinn hafi einungis verið hlaðinn á þessum kafla en frá honum girt með girðingum suður að læknum og norður að Norðurtúngarði. Jafnframt er sýndur svolítill hlykkur um miðbik þessa garðs. Á túnakortinu 1906 er hins vegar teiknaður veggstúfur sem liggur inn frá garðinum í austur. Á þessum slóðum má nú sjá tóft eða hleðslu [1749] upp við garðinn. Ef til vill hefur þarna verið aðhald eða kví.



**Mynd 9 Leifar aðhalds [1749] við Vesturtúngarð [1601].**

## Kálgarður [1602]

Á túnakorti Vífilsstaða frá 1919 er tvískiptur kálgarður sýndur fast austan og sunnan við gamla bæinn [1601]. Vestari hlutinn er minni en sá austari stærri.[26] Í örnefnaskrá frá 1991 segir: „Stór tvískiptur matjurtagarður var við bæinn. Torfgarður í kring og skipt með lægri garði, vestri garðurinn var minni. Hann hafði fjölskylda yfirlæknisins, en stærri garðinn átti hælið. Þar voru ræktaðar rófur og kál.“[27] Leifar austur- og suðurveggja garðsins sjást enn allgreinilega. Þeir eru grjóthlaðnir og hleðsluhæðin mest um 0,5 m. Austurhleðslan er um 25 m að lengd og mun greinilegri en suðurhleðslan sem er um 20 m að lengd. Um 140 m eru milli norðurenda austurhleðslunnar og spítalans [1607]. Sléttað tún er vestan og norðan við

[26] *Túnakort Vífilsstaða*, 1919.
[27] Ö-Vifilsstaðir, EBB.

garðlögin en austan megin við austurhleðsluna er garðyrkjukofi [1757] og þýfður óræktarmói. Skógarlundur er austan og norðaustan við kálgarðinn.



**Mynd 10 Grjóthlaðnir kálgarðsveggir [1602] við gamla bæjarstæðið [1600].**



**Mynd 11 Yfirlæknisbústaður [1603] á Vífilsstöðum byggður skömmu eftir 1910.**

## Yfirlæknisbústaður [1603] hús bústaður

Hús er sýnt á túnakorti frá 1919 um 70 m austsuðaustur frá berklahælinu [1607] á Vífilsstöðum, rétt sunnan við eystri endann á lengra íbúðarhúsi [1604].[28] Húsið hefur verið eitt þeirra sem Rögnvaldur Ólafsson arkitekt teiknaði og var byggt um svipað leyti og hælið eða skömmu eftir 1910. Þetta er steinsteypt hús sem stendur enn. Á tímbili var þarna bústaður yfirlæknis Vífilsstaða.[29]



**Mynd 12 Davíðsborg og Önnuborg [1604] sambyggð íbúðarhús.**

## Davíðsborg og Önnuborg [1604] hús bústaður

Aflangt hús er sýnt á túnakorti frá 1919 um 30 m austur frá berklahælinu [1607] á milli þess og yfirlæknisbústaðar [1603].[30] Húsið hefur verið eitt þeirra sem Rögnvaldur Ólafsson arkitekt teiknaði og var byggt um svipað leyti og hælið eða skömmu eftir 1910. Um er að ræða tvö steinsteypt og sambyggð íbúðarhús sem nefndust Davíðsborg og Önnuborg (t.v. á mynd), með yfirbyggðu bíslagi að austan en afhýsi að vestanverðu (t.h. á mynd). Byggingin

---

[28] *Túnakort Vífilsstaða*, 1919.
[29] Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, *Vífilsstaðir: Ný framtíðarsýn*, 14.
[30] *Túnakort Vífilsstaða*, 1919.

stendur enn að mestu leyti nema hvað afhýsið náði lengra vestur en þar var líkhús, smíða- og saumastofa. Á tímabili voru íbúðir fyrir starfsmenn spítalans í Davíðsborg og Önnuborg.[31]

## Útihús – hænsnakofi [1605] heimild

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1919, um 20 m norður frá Davíðsborg og Önnuborg [1604].[32] Þarna var áður hænsnahús en það er horfið.[33] Nú er slétt grasflöt þar sem hænsnahúsið stóð.



**Mynd 13 Fjósið [1606] var byggt árið 1916 á Vífilsstöðum.**

## Fjós [1606] útihús

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1919 um 140 m norðvestur af Vífilsstaðaspítala [1607].[34] Það er á svipuðum slóðum og gamla byggingin með fjósi og hlöðu sem enn stendur á Vífilsstöðum. Fjósið var byggt árið 1916, rétt áður en túnakortið var gert, og er greinilega um sama hús að ræða. Hönnun þess hefur verið síðasta verk Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts en þegar hann teiknaði það var hann fársjúkur af berklum. Hann lést sama ár á berklahælinu á Vífilsstöðum sem hann líka hafði teiknað. Fjósbyggingin þótti mjög glæsileg á sínum tíma.[35]

---

[31] Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, *Vífilsstaðir: Ný framtíðarsýn*, 14.
[32] *Túnakort Vífilsstaða*, 1919.
[33] Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, *Vífilsstaðir: Ný framtíðarsýn*, 14.
[34] *Túnakort Vífilsstaða*, 1919.
[35] Unnar Ingvarsson, „Heilsuhælið á Vífilsstöðum.“



**Mynd 14 Vífilsstaðaspítali [1607] og umhverfi.**

## Vífilsstaðir – Berklaspítali [1607]

Á annan í hvítasunnu 31. maí árið 1909 kom fjöldi gesta saman að Vífilsstöðum til að fagna því að hornsteinn var lagður að heilsuhæli fyrir berklasjúklinga. Ýmsir höfðu talað fyrir því að hér yrði byggt slíkt heilsuhæli eins og gert hafði verið hjá öðrum þjóðum og stofnaði Oddfellowreglan á Íslandi sérstakt félag árið 1906 til að vinna málinu framgang. „Hvíti dauðinn“ eins og berklaveikin var nefnd snerti alla Íslendinga því talið var að berklar legðu að velli allt að sjöunda hvern mann og oftar en ekki varð ungt fólk sjúkdómnum að bráð. Fólk hafði því mikinn áhuga á þessu framfaramáli og í ræðu sem landlæknir flutti þegar hornsteinninn var lagður lét hann þess getið að 114 deildir væru innan félagsins og ríflega 6000 félagar um allt land. Heilsuhælið var reist fyrir samskotafé frá þessu góða fólki, stjórnvöldum og öðrum félagasamtökun.[36]

[36] Unnar Ingvarsson, „Heilsuhælið á Vífilsstöðum.“



**Mynd 15 Vífilsstaðaspítali og húsin í kring. Vegurinn liggur í gegnum hverfið en ekki fyrir norðan fjósið eins og í dag. Mynd fengin frá Garðabæ.**

Rögnvaldur Ólafsson arkitekt var fenginn til að teikna húsið og ákvað hann staðsetningu þess ásamt Guðmundi Björnssyni landlækni. Við valið réði miklu að Vífilsstaðir voru í eigu Garðakirkju og bændur á jörðinni voru tilbúnir til að gefa ábúðarrétt hennar eftir. Jafnframt þótti koma sér vel að ekki var langt til Reykjavíkur og samgöngur voru tiltölulega auðveldar. Rögnvaldur hófst handa við að teikna aðalbygginguna í mars 1908 og teikningar og útreikningar á efnismagni til framkvæmdanna lágu fyrir þegar í ágúst sama ár. Heilsuhælið á Vífilsstöðum varð ein stærsta og glæsilegasta bygging landsins. Alls voru 105 herbergi í húsinu og þar var rými fyrir 80 sjúklinga og starfsfólk. Heilsuhælið var tekið í notkun 1. september 1910 rétt rúmlega ári eftir að fyrsti hornsteinninn var lagður. Auk sjálfs berklahælisins voru byggð fleiri hús [1603-1604-1606] á Vífilsstöðum á næstu árum og teiknaði Rögnvaldur þau líka meðan honum entist aldur til en hann lést sjálfur af berklum

aðeins 42 ára gamall.[37] Dánartala af völdum berkla var hærri á Íslandi en í nokkru öðru landi í Evrópu og Vífilsstaðahæli yfirfylltist fljótlega. Þegar fram leið varð dánartalan hér hins vegar lægri en í öðrum löndum og berklahælin fengu ný hlutverk. Þannig var Vífilsstaðahælið árið 1973 gert að almennum spítala sem sérhæfði sig í lungnasjúkdómum og öldrunarlækningum.[38]



**Mynd 16 Horft yfir túnið í átt að Spítalanum. Mynd fengin hjá Garðabæ.**

## Torftökustaður [1608] heimild um ristu

Í *Jarðabók* segir árið 1703: „Torfrista og stúnga nægileg."[39] Torftökustaðnum er ekki lýst nánar en líklegt er að hann hafi verið í Vetrarmýri eða Vatnsmýri. Vetrarmýri er um 330 m norðan við Vífilsstaði, milli þeirra og Hnoðraholts, og hefur verið breytt í golfvöll. Vatnsmýri er hins vegar um 100-150 m sunnan Vífilsstaða, neðan túnsins. Þar er nú deig og þýfð mýri, gróin grasi og mosa. Ekki sjást þó lengur nein ummerki um torfristu.

---

[37] Margs konar gögn varðandi Vífilsstaði og störf Rögnvaldar eru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands og má þar meðal annars sjá uppköst og teikningar af Vífilsstaðahæli og fleiri byggingum. Hér er stuðst við Unnar Ingvarsson, „Heilsuhælið á Vífilsstöðum."
[38] Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, „Vífilsstaðir", 115.
[39] *Jarðabók*, 225.



**Mynd 17 Horft norður frá Vífilsstaðalækjarbrú [1610] og Suðurtröðum [1611] í átt að bæjarstæði Vífilsstaða [1600].**

## Vífilsstaðalækjarbrú [1610] steypt

Á túnakorti frá 1919 er leið yfir lækinn neðan Vífilsstaðatúns.[40] Í örnefnalýsingum segir frá Vífilsstaðalækjarbrú, trébrú sem lá yfir lækinn þegar komið var út um Suðurtraðarhlið: „Þar var Lækjarbrúin yfir lækinn. [...] Lækurinn féll úr Vífilsstaðavatni og þar var Ósinn og Vaðið og nú seinna lá þar Lækjarbrúin yfir á vaðinu.“[41] Í dag liggur gömul steinsteypt brú yfir lækinn fyrir neðan gamla bæjarstæðið [1600]. Hún er þó töluvert lengra niður með læknum en vaðið [1649] sem hefur verið alveg uppi við ósinn.

[40] *Túnakort Vífilsstaða*, 1919.
[41] Ö-Vífilsstaðir GS; sjá líka: Ö-Álftaneshreppur GS, 16; Ö-Vífilsstaðir EBB.



**Mynd 18 Uppdráttur frá 1906 frá því að dönsku herforingjaráðskortin voru í vinnslu.**

## Suðurtraðir [1611] og Norðurtraðir [1612] heimild

Á túnakorti frá 1919 er sýnd leið sem liggur um Vífilsstaðatúnið fram hjá gamla bænum, austan megin. Annars vegar lágu traðirnir [1612] norðaustur um hlið á túngarðinum [1601-1609] norðan megin og þaðan áfram í Alfaraleiðina [1647]. Hins vegar lágu traðir [1611] suðvestur yfir Vífilsstaðalæk neðan túnsins.[42] Í örnefnalýsingum segir: „Suðurtraðir: Lágu heiman frá bænum niður að Lækjarbrúnni. Suðurtraðarhlið: Var á túngarðinum niður undan bænum. Norðurtraðir: Var eiginlega troðningur af Alfaraveginum heim að bæ. Norðurtraðarhlið: Hlið á Norðurtúngarðinum.“[43]

---

[42] *Túnakort Vífilsstaða*, 1919.
[43] Ö-Álftaneshreppur GS, 17; sjá líka Ö-Vífilsstaðir GS.



**Mynd 19 Berklasjúklingar frá Vífilsstöðum [1607] tjalda við Jónshella fyrir enda Berklastígs [1613]. Myndin er fengin frá Garðabæ.**

## Jónshellnastígur – Berklastígur [1613] gata

Í örnefnaskrám er lýst leið sem liggur frá Vífilsstaðalækjarbrú [1610] gegnum hraunið: „Suður frá brúnni neðan Vífilsstaðabæjar [1600] voru balar og lautir, grónir allvel, nefndust Kúagjótur. Frá brúnni lá Jónshellnastígur [svo] suður í Jónshella [1614] sem voru hellar og skútar og norðan við var svo Jónshellnaflöt.“[44] „Gönguleið til suðurs frá hælinu [1607] fram hjá gamla bænum niður í hraunið yfir brúna. Við hana voru settir upp bekkir, einnig vestur með Vífilsstaðavegi til að auðvelda sjúklingum útivist, (gengið að fyrsta bekk eða öðrum bekk o.s.frv.). Sjúklingar á Vífilsstöðum settu oft upp tjöld í hrauninu. Við enda

[44] Ö-Vífilsstaðir GS.

hraunbrautarinnar (þá er komið í gegnum hraunið) var lyngivaxið láglendi meðfram hraunjaðrinum. Þetta var á mörkum hrauns og holts, Urriðakotsholts. Þetta svæði var nefnt



**Mynd 20 Jónshellnastígur – Berklastígur: Þarna hefur gatan verið unninn.**

Paradís, þar nálægt var Paradísa[r]hellir, og eftir götunni. Jónshellir er þar sem gatan endar.“[45] Stígurinn hefur einnig verið nefndur Berklastígur en áður en sjúklingarnir notuðu hann hefur þetta verið fjárgata. Hún hlykkjast gegnum hraunið að Jónshellum og liggur þaðan áfram upp yfir hraunbrúnina og niður í Moldargötur [1700]. Auðvelt er að rekja hana og hún virðist vera unninn á nokkrum stöðum. Leiðin er rúmur 1 km.

[45] Ö-Vifilsstaðir EBB.



**Mynd 21 Jónshellnastígur - Berklastígur**



**Mynd 22 Jónshellar og Jónsflöt [1614]: Erfitt er að sjá fyrir gróðri en inngangur í hellana er hægra megin.**

## Jónshellar og Jónsflöt [1614] hellir

Örnefnalýsingar hafa þetta um Jónshella að segja: „Frá brúnni [neðan Vífilsstaða] lá Jónshellnastígur [svo] suður í Jónshella sem voru hellar og skútar og norðan við var svo Jónshellnaflöt.“[46] „Jónshellir er þar sem gatan endar. Hellirinn er lágur, þarf að skríða gegnum opið inn í langan hellinn.“[47] Í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar kemur fram að „Jónshellir er við

[46] Ö-Vífilsstaðir GS.
[47] Ö-Vífilsstaðir EBB; sjá líka: Ö-Vífilsstaðir SP.

veginn að Urriðakoti“[48] og mun þar átt við Moldargötur [1700] því frá hellunum liggur Jónhellnastígur [1613] yfir hraunbrúnina og beint niður í þær.



**Mynd 23 Einn af skútunum í Jónshelli [1614].**

Jónshellar eru þrír hellisskútar skammt norðan við Draugahelli [1646]. Sá nyrsti er stærstur, um 50 m langur, og hefur greinilega verið notaður sem fjárskjól. Hleðsla er fremst í honum en slétt moldargólf fyrir innan. Jónsflöt er fyrir framan hellana og þangað komu berklasjúklingar frá Vífilsstöðum eftir að hafa gengið Jónshellnastíg eða Berklastíg [1613]. Í kverkinni þar sem hellarnir eru, finnast leifar af timburpalli frá því að sjúklingar á Vífilsstöðum nýttu sér svæðið.

## Vífilsstaðalækur – vatnsból [1615] lækur

Í örnefnaskrá segir: „Vatnsbólið: Var í læknum niður undan bænum við Brúna [1610].“[49] Lækurinn fellur úr Vífilsstaðavatni og skammt frá ósnum var vaðið [1649] og síðar brúin nokkru neðar. Lækurinn nefnist Vífilsstaðalækur þar sem hann rennur gegnum land Vífilsstaða, Hagakotslækur í landi Hagakots en Hraunholtslækur í Hraunsholtslandi. Hann rennur svo til sjávar í kirkjulandinu.[50] Lækurinn er nokkuð breiður fyrir austan brúna, nær Vífilsstaðavatni, en þrengri í kringum hana sjálfa og vestan hennar. Lækjarbakkarnir eru þýfðir og grasi grónir.

---

[48] Ö-Vífilsstaðir AG.
[49] Ö-Álftaneshreppur GS, 17.
[50] Ö-Álftaneshreppur GS, 16; Ö-Vífilsstaðir SP; Ö-Vífilsstaðir AG.



**Mynd 24 Finnsstaðir – Finnsstekkur [1616].**

## Finnsstekkur – Finnsstaðir [1616-1617-1652] tóftir og garðlag

Í örnefnalýsingum er greint frá Finnsstöðum og Finnsstekk í svonefndum Hálshúskrika [1652], vogi inn með með nyrsta hluta Vífilsstaðavatns: „Þarna eru rústir á lágum hól, nefnist þar Finnstekkur en í fornu bréfi og *Jarðabók* Árna og Páls er nefnt Finnsstaðir, hjáleiga frá Vífilsstöðum, þá niðurlögð fyrir nokkru.“[51] „Finnsstekkur: Stekkur var þarna í eina tíð við voginn.“[52] Upp af og austan við Hálshúskrika „eru tóftir (Finnsstekkur), sem Sigríður Gísladóttir vill nefna eftir móður sinni Sigrúnu Sigurðardóttur [...] Finnsstekk staðsetur hún við stóran stein í botni Vetrarmýrar niður undan Smalaholti. Þar var kvíastekkur áður.“[53] Þarna virðist vera gert ráð fyrir að Finnsstaðir og Finnsstekkur séu einn og sami staðurinn en ekki er þó rétt með farið að Finnsstaðir séu nefndir sem hjáleiga Vífilsstaða í *Jarðabókinni*.

---

[51] Ö-Vífilsstaðir GS.
[52] Ö-Álftaneshreppur GS, 19; sjá líka Ö-Vífilsstaðir SP.
[53] Ö-Vífilsstaðir innskot EBB.



**Mynd 25 Finnsstekkur – Finnsstaðir: þúfur sem sjást sunnan við tóftina eru greinilega manngerðar.**

Miðað við lýsingarnar er þetta þar sem nú eru tóft [1616] og garðlag [1617] á hól austan við Vífilsstaðavatn, rétt norðan Elliðavatnsvegar. Grasi vaxið er allt um kring og rústarhóllinn er áberandi grænni en umhverfið. Reiðvegur liggur rétt norðan og ofan við hann og þar er áningarstaður fyrir hestamenn. Tóftin er um 15,6 x 7 m á stærð, þykkt veggja 1,8 m og hleðsluhæð mest um 1,3 m. Tóftarveggirnir eru alveg yfirgrónir en glittir þó í grjót í þeim. Tóftin snýr norðvestur – suðaustur og skiptist í stærra rými og minna rými þar sem hefur verið heystæði eða hlaða. Ekki eru greinilegar dyr á milli hólfanna en inngangar sjást hins vegar á norðvesturgafli stærra rýmisins og fyrir miðju í heystæðið eða hlöðuna. Þessi tóft virðist of vegleg til að vera frá stekk og er líklega frekar frá beitarhúsum sem nýtt hafa verið frá Vífilsstöðum. Hins vegar er hún greinileg byggð á hólnum sem virðist að mestu leyti vera manngerður. Eldri mannvirkjaleifar leynast því undir tóftinni og eru þær þá líklega frá bæjarstæði Finnsstaða.

Fast norðvestur af tóftinni er ógreinilegt og sigið garðlag [1617] sem gæti verið eldra en tóftin. Þykktin er um 0,9 m og það er að minnsta kosti 6 m langt ef ekki lengra. Mjög þýft er vestan við tóftina og garðlagið og eru þar þústir [1652] sem gætu verið manngerðar. Fara þarf fram með varkárni á þessu svæði.

## Rjúpnahæðarvarða – landamerki [1618] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Hér í norður, bak við Smalholt, er Rjúpnahlíð og þá Rjúpnadalur og svo Rjúpnahæð með Rjúpnahæðarvörðu sem héðan liggur landamerkjalínan í miðja Kjóavelli, en þar var Kjóavallavarða [1636].“[54] Varðan hefur áður verið á Rjúpnahæð um 200 m norðan við Elliðavatnsveg [1635].



**Mynd 26 Vatnsgeymir [1619] í Vífilsstaðahlíð.**

[54] Ö-Vífilsstaðir GS.

## Vatnsgeymir [1619] steinsteypa

Í örnefnalýsingu segir: „Vatnsgeymir: Hann er upp í hlíðinni upp frá vatnsósnum, byggður 1910. Vatnið svo leitt heim í Vífilsstaðahælið.“[55] Vatnsgeymirinn er um 190 m norðaustan við vörðuna Grímssetu eða Matthildi [1632], fast við göngustíg sem liggur upp að henni. Hann er hringlaga, ríflega 4 m að þvermáli, steinsteyptur og niðurgrafinn og stendur 1,3 m upp úr jörðinni.



**Mynd 27 Sauðahellir [1620]: Vel hlaðnir veggir eru við inngang í hellinn.**

## Sauðahellir við Kolanef [1620] hleðslur hellir og kolagrafir [1761] grafir

Örnefnalýsingar greina frá Sauðahelli við Kolanef: „Sauðahellir: All góður hellir í hraunbrúninni inn með Vífilsstaðahlíð undir Kolanefi.“[56] „Í norðaustur frá rústum beitarhússins [1623] og fjárborgarinnar [1625] í norðausturbrún hraunsins gegnt Kolanefi í

---

[55] Ö-Álftaneshreppur GS, 19; sjá líka: Ö-Vífilsstaðir GS.
[56] Ö-Álftaneshreppur GS, 28.

Vífilsstaðahlíð við Kolanefsflöt [...] er lítill hellir, sem nefnist Sauðahellir. Veit op hans að hlíðinni, og eru hlaðnir kampar báðum megin við innganginn. Við hann var sauðum frá Urriðakoti gefið á gadd (á jörðina) allt frá því að heimildamaður man fyrst eftir sér til 1933. Heyið var borið heiman frá Urriðakoti í poka á bakinu.“[57]



**Mynd 28 Kolagrafir [1761] á Kolanefsflöt.**

Hellirinn er rétt suðvestur af göngustíg undir Vífilsstaðahlíð, norðvestan bílastæðis. Hann sést þó ekki frá stígnum en úfið hraun er í kring, gróið grasi, mosa og lyngi. Hellismunninn er um 3 m víður og 1 m hár og snýr í norðaustur. Báðum megin við hann eru veggir hlaðnir úr hraungrýti sem mynda aðhald; um 5 á lengd, 1,5 m á breidd og 1 m á hæð. Við hellinn og víðar á þessu svæði má sjá móta fyrir kolagröfum [1761] þannig að hann hefur kannski bæði verið skjól fyrir sauði og kolagerðafólk. Örnefnin Kolanef og Kolanefsflöt benda til kolagerðar og lengra frá í suðaustur, sunnan við Löngubrekkur, finnst einnig örnefnið Kolhóll, sem minnir á kolagerð fyrri tíma.[58]

---

[57] Ö-Urriðakot SP.
[58] Páll Líndal, „Heiðmörk“, 34. Kolhóll var áður landamerki milli Vatnsenda og Vífilsstaða en er nú utan Vífilsstaðlands. Sjá: Guðlaug Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 44, 116.



**Mynd 29 Skotbyrgi í Hnoðraholti [1621].**

## Skotbyrgi Hnoðraholti [1621] byrgi

Skotbyrgi frá síðari heimsstyrjöldinni er á Hnoðraholti. Þar er melholt sem að mestu er vaxið þéttum lúpínubreiðum á sumrin. Gott útsýni er frá byrginu, einkum í norður og vestur. Byrgið er 3,5 x 3,5 m að stærð og er hálf niðurgrafið; um 1,20 m standa upp úr jörðu og annað eins er niðurgrafið. Byrgið er steinsteypt með um 9 sm breiðum og 20 sm háum skotraufum, tveim á norðvesturhlið, og einni á norðaustur- og suðvesturhlið. Inngangur er niður í byrgið á suðausturhlið.



**Mynd 30 Vörður á Hnoðraholti: grjóthlaðin varða [1626], yfirgróin varða [1622] og vörðubrot [1759].**

## Hnoðri landamerki [1622-1759] og [1626] vörður og vörðubrot

Á dálitlu klapparholti norðvestan til á hábungu Hnoðraholts, um 370 m norðaustur frá skotbyrgi [1621], er yfirgróin varða [1622] ásamt vörðubroti [1759]. Yfirgróna varðan er sennilega svokallaður Hnoðri eða Hnoðraþúfa sem samkvæmt örnefnalýsingum er landamerki á Hnoðraholti milli Vífilsstaða og Hvammkots.[59] Um 110 m norðaustan af henni er auk þess grjóthlaðin varða [1626], um 80 sm á hæð og 1 x 1 m að flatarmáli, en mjókkar upp. Hún hefur verið hlaðin upp aftur á seinni tíma og þá ekki verið vandað til verksins. Ætla má að allar vörðurnar þrjár tengist landamörkunum.

[59] Ö-Vífilsstaðir GS; Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 107.



**Mynd 31 Horft norðaustur yfir Vífilsstaðabeitarhús [1623] og fjárborg [1625].**

## Vífilsstaðabeitarhús [1623] tóft og Fjárborg [1625] hleðslur og leið [1758] gata

Samkvæmt örnefnalýsingum er Ljóskollulág slakki í Vífilsstaðahlíð innan við hrygginn Kolanef. „Innan við Ljóskollulág er annar hryggur, nefnist Einarsnef. Þar er og Einarsnefsflöt og í hraunbarminum Fjárborg [1625], hefur ekki verið nema hálfhlaðin og þar hjá Fjárhús [1623] en upp á barminum er stakur steinn, nefnist Einar.“[60] „Vífilstaðabeitarhús: Í hraunbrúninni er fjárhústóft, jötustallar. Fjárborgin: Þarna hefur átt að gera fjárborg. Aðeins undirstaðan.“[61]

---

[60] Ö-Vífilsstaðir GS.
[61] Ö-Álftaneshreppur GS, 18.



**Mynd 32 Vífilsstaðabeitarhús [1623].**

Fjárhústóftin og leifar fjárborgarinnar eru í hraunjaðrinum undir lágum hraunkletti vestur af Einarsnefi, þar sem Heiðmerkurvegur [2131] kemur fyrst upp að Vífilsstaðahlíð. Fjárhústóftin er ferhyrnd, lengd milli veggja um 6,5 m og breidd rösklega 2 m. Veggir eru um 0,8-1 m að þykkt og 1 m háir en suðurgaflinn sem liggur upp við hrauntunguna nær upp í 1,8 m hæð. Eystri langveggurinn hefur hrunið út. Við vestari langvegginn innanverðan virðist vera hlaðinn garði – jata. Sambyggt við vestari langhlið er minna rými, um 1,5 x 2,5 á stærð, og hefur það ef til vill verið hlaða fyrir heytuggu. Dyr vísa í norður, bæði á fjárhúsinu og hlöðunni. Umhverfið er mjög gróið og vaxa runnar í og við rústirnar. Þetta hefur verið beitarhús frá Vífilsstöðum, staðsett í upprunalegu landi þeirra, en heyjað var á Einarsnesflötum.



**Mynd 33 Horft suður yfir litla hlöðu vestan megin við beitarhúsið [1623].**

Fjárborgin [1625] er rétt austan við beitarhúsið [1623]. Hún er hringlaga, um 7,5 m að þvermáli með vegghleðslum. Hringurinn er tvíhlaðinn með innri og ytri hleðslu, sa. 1 m á breidd; veggir hafa verið hlaðnir úr hraungrýti úr nánasta umhverfi en aðeins neðstu hleðslusteinarnir eru eftir. Sá misskilningur kemur fram í örnefnalýsingunum að aldrei hafi verið lokið við að hlaða fjárborgina en líklegra er að hleðslugrjótið úr henni hafi verið notað þegar beitarhúsið var hlaðið. Dyr fjárborgarinnar vísa í norðaustur og þaðan liggur gamall troðningur [1758].



**Mynd 34 Fjárborgin [1625] er að hverfa í birkiskóg og þyrfti að grisja hana.**

Umhverfið allt er mjög gróið og vaxa runnar í og við rústirnar. Þessar minjar voru friðlýstar með samkomulagi við Skógræktarfélag Reykjavíkur, sbr. bréf þjóðminjavarðar, dagsett 21. apríl 1964.[62]



**Mynd 35 Landamerkjagarður [1654] við Vífilsstaðabeitarhús [1623]. Horft í suður.**

[62] *Friðlýsingarbréf.*



**Mynd 36 Stígur [1758] liggur upp að fjárborginni [1625] og beitarhúsi [1623]. Horft í suðvestur.**



**Mynd 37 Kví – aðhald [1624] í Svínahrauni.**

## Kví – aðhald [1624]

Rétt norðan við Jónshellnastíg í Svínahrauni er kví eða aðhald, eitt af mörgum á þessu svæði. Það er hlaðið upp við hraunklöpp og er eystri veggurinn 2,5 m en sá vestri 1,7 m. Miklar breytingar hafa átt sér stað í Vatnsmýrinni og vatn er farið að flæða yfir minjarnar (sjá myndir af aðhaldi [1624] og rétt [1658]).



**Mynd 38 Fjárgirðing – landamerkjagarður [1762] í Svínahrauni.**

## Fjárgirðing – landamerkjagarður [1654-1762] garðlag – girðing

Í *Landamerkjaskrá* frá 1890 eru nefndar fjárréttargrjótgirðingar en landamerki milli Vífilsstaða og Urriðakots eru sögð liggja frá þeim upp í „Urriðakots Fjárhellra“, þ.e. Maríuhella [1638-1732] „frammí vörðuna sín megin á Norðurhellragjáarbarmi [2073]“.[63] Hlutar af þessari gömlu grjóthlöðnu fjárgirðingu og landamerkjagarði eru varðveittir hér og þar í hrauninu og hafa þeir verið mældir upp. Garðurinn er sýnilegur á að minnsta kosti tveimur stöðum við Vífilsstaðaland. Annars vegar liggur hann [1654] í sveig ofan í hraundæld neðan og vestan við beitarhús [1623] og fjárborg [1625]. Hins vegar má sjá hluta hans [1762] á um 35-40 m kafla, skammt norðvestur frá þar sem Jónshellnastígur liggur að Moldargötum. Til þessa hluta virðist vera vísað í landamerkjalýsingunni. Garðhleðslan er þarna 0,5-1,5 m á breidd og nær mest um 2 m hæð. Hleðslugrjótið er mjög mosagróið og nyrðri endinn yfirgróin

[63] *Landamerkjaskrá Urriðakots.*

og nánast hulinn birkitrjám. Fjárgirðingin – landamerkjagarðurinn hefur verið hlaðinn milli hraunkletta ofan í hraunlautir og dældir en á milliköflum hefur verið gaddavírsgirðing. Leifar hennar sjást einnig sums staðar í hrauninu og á hleðslunni [1762]. Hluti þessa landamerkjagarðs sést einnig í Flatahrauni.



**Mynd 39 Fjárgirðing – landamerkjagirðing [1762] undir birkiskógi.**



**Mynd 40 Útihús – fjárhús [1627] rétt við göngustíg eða gamla selstíginn [2103].**

## Útihús – fjárhús [1627] tóft

Við lítið vatn í Vatnsmýrinni suðsuðvestur af Vífilsstöðum er tóft frá útihúsi. Hún er um 10,4 x 4,4 á stærð, með stefnu vestur – austur. Veggirnir eru um 1,5 m á breidd, hlaðnir úr grjóti og torfi norðan, vestan og austan megin upp við náttúrulegan hraunklett sem myndar suðurvegginn. Í norðurveggnum virðist vera breiðari undirhleðsla eða garði – jata meðfram honum innanverðum. Hleðsla eða garðlag, 2,5 m á lengd, er hlaðið frá vesturvegg. Op eða dyr eru á norðurlangveggnum, í norðvesturhorni tóftarinnar. Núna nær mýrlendið inn tóftina.

## Vífilsstaðastígur [1629] gata – stígur

Í örnefnaskrá segir: „Vífilsstaðastígur: Lá úr Urriðakotsholti yfir hraunið undir Dyngjuhól [1637] neðan Svínahlíðar að ósnum og þaðan að Vífilsstöðum.“[64] Þessi gamla gata sést enn liggja frá Maríuhellum [1638] norður meðfram rótum Svínahlíðar eða Vífilsstaðahlíðar í átt

[64] Ö-Álftaneshreppur GS, 17.

að lækjarósnum. Á kafla sameinast hún Selstígnum [2103]. Þetta er nú gönguleið sem liggur milli hlíðarinnar og Flóttavegar [1635] sem lagður var á stríðsárunum.



**Mynd 41 Skotbyrgi [1630] efst í Svínahlíðinni.**

## Skotbyrgi [1630]

Um 50 m vestan og ofan við vörðuna Grímssetu [1632] er steinsteypt skotbyrgi frá styrjaldarárunum, niðurgrafið í sand og möl með stóreflis grjót í kring. Það stendur um 0,5 til 1 m upp úr jörðinni, er 5 m á lengd og 4 m á breidd og snýr í austur – vestur. Innanmálið er 6,25 $m^2$ og lofthæð 1,8 m. Veggir eru um 0,3 m á þykkt. Skotrauf er á norðvesturhorni byrgisins og niðurgrafinn inngangur á austurhlið.

## Útihús – geymsla [1631] hús

Í suðausturhorninu á lóð læknisbústaðar [1603] er gamall kofi, 21x 5,5 m að stærð. Húsið er byggt úr blönduðum efniviði frá eldri og nýrri tímum. Dyr eru á steinsteyptu bárujárnsklæddu gaflrisi sem snýr í suður og stendur upp úr grasi vöxnu túninu. Þykkir kamparnir utan með

langveggjunum báðum megin eru grónir grasi upp undir þak sem tyrft er yfir. Afturgafl úr timbri snýr inn að lóð læknisbústaðarins. Þetta hefur líklega verið útihús eða geymsla.



**Mynd 42 Kofi – útishús – geymsla [1631] fast við yfirlæknisbústaðinn.**

## Grímsseta – kennimark [1632] varða

Í örnefnalýsingum segir: „Grímseta: Allstór varða og gömul upp á holtinu. Gunnhildur: Svo var Grímseta kölluð af vistfólki hælisins.“[65] Uppi á Hlíðarhorni, norðurenda Vífilsstaðahlíðar eða Svínahlíðar „er varða, sem kölluð var Grímssetur, en í seinni tíð er farið að nefna hana Gunnhildi, en það gæti verið komið af ensku „Gunhill“ byssuhæð, því að nálægt vörðunni er steypt skotbyrgi [1630] frá hernámsárunum.“[66] Varðan hefur upphaflega heitið Grímsseta en nafnið Gunnhildur hefur komið til síðar. Sú skýring að það sé afbökun úr ensku fær þó ekki staðist því Gunnhildar nafnið var þekkt fyrir hernám landsins árið 1940 og þar með áður en

[65] Ö-Álftaneshreppur GS, 19.
[66] Ö-Vífilsstaðir SP.

þarna hófst nokkur vopnabúnaður.[67] Aðrir segja að varðan hafi verið nefnd í höfuð einhverrar valkyrju sem bjó á Vífilsstöðum fyrr á árum en þetta er á reiki. Hvernig sem nafnið er til komið mun þessi varða hafa haft nokkurt gildi fyrir sjúklingana á Vífilsstaðahælinu skammt frá því að sagt er að þeir hafi haft það fyrir reglu, margir hverjir, að ganga upp að henni til að mæla þrek og úthald þegar aðstæður leyfðu. Gunnhildi nefndu þeir Matthildi sem studdist við vísuna:

Gekk ég upp að Grímssetu.
Gettu hvað ég sá?
Mæta konu Matthildi
í möttlinum blá.[68]

Enn er myndarleg grjótvarða vestast á hlíðarbrúninni upp af suðvestanverðu Vífilsstaðavatni og er víðsýnt frá henni. Hún var áður vel hlaðin en fólk hefur lagt í vana sinna að kasta grjóti að henni líkt og hún væri dys þannig að núna líkist hún meira stórri grjóthrúgu.



**Mynd 43 Grímsseta [1632]. Horft yfir Vífilsstaðarland.**

[67] Páll Líndal, „Heiðmörk", 35.
[68] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 99.

## Grunnavatnsstígur – stígur [1633] gata

Samkvæmt örnefnaskrá Álftaneshrepps lá Grunnavatnsskarð „upp af Dýjakrók milli Vífilsstaða og Sandahlíðar" en Grunnuvötn eru „dalverpi suður frá skarðinu með allstórri tjörn" sem skiptist í Grunnavatn nyrðra sem þraut í þurrkum og Grunnavatn syðra. Milli þeirra var Vatnsás „hryggur allmikill". „Grunnavatnsstígur [...] lá frá Vatnsósnum upp hlíðina um Skarðið, suður Grunnuvötn fram á Hjalla og niður á Tungur."[69] Nú liggur malarstígur norðvestur – suðaustur meðfram Vífilsstaðavatni en rétt ofan við hann má sjá leifar Grunnavatnsstígs. Hann týnist á köflum og sums staðar hefur nýi stígurinn verið lagður ofan í hann. Ofarlega á hæðinni eru merki þess að Grunnavatnsstígur hafi klofnað í tvær leiðir, önnur upp fyrir Grunnavatn nyrðra og hin í sveig suðvestur upp í Grunnavatnsskarð að Vífilsstaðaseli [2111-2112-2113]. Frá stígnum sjást ýmsar vörður [2101-2102-2133-2134] sem hafa þá virkað sem kennimörk á leiðinni.



**Mynd 44 Grunnavatnsstígur [1633] þegar hann kemur yfir Grunnavatnskarð.**

[69] Ö-Álftaneshreppur GS, 19.

## Vatnskofi [1634] kofi

Við vesturhorn Vífilsstaðavatns, rétt sunnan við afrennsli þess er gróðurlítið melaland og er þar hús eða vatnskofi. Kofann byggði Gísli Friðfinnsson árið 1914 en hann var eiginmaður sjúklings á Vífilsstöðum og vann fyrir sér með þessu. Kofinn er steinsteyptur en þykkir grasi vaxnir kampar meðfram langveggjum og tyrft yfir þakið. Stærð kofans með torfveggjum er 9,6 x 9,4 m.



**Mynd 45 Vatnskofinn [1634] rétt niður við vatnsósinn.**

## Flóttavegur – Vatnsendavegur [1635] leið

Í örnefnalýsingum segir: „Milli Sandahlíðar og Smalaholts, þar sem bílvegurinn liggur, er Vífilsstaðaháls. Bílvegur þessi, sem lagður var af Bretum á stríðsárunum milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsvegar, kallast Flóttavegur eða Flóttamannavegur.“[70] „Vatnsendavegur: Hann liggur um Vífilsstaðaland, yfir hraunið hjá Dyngjuhól [1637], um Svínahlíð yfir lækinn á brú

[70] Ö-Vífilsstaðir SP.

við Ósinn. Upp í Skyggnisholt, um Finnsstekk [1616] og upp á Vífilsstaðaháls, þaðan um Rjúpnadal og ofan Vatnsenda á Suðurlandsveginn við Rauðavatn. Vegur þessi var upphaflega kallaður Flóttavegur.“[71] Vatnsendavegur, Elliðavatnsvegur og Flóttavegur eru einn og sami vegurinn.[72] Á kafla norðvestur frá Dyngjuhól liggur hann rétt vestan við gönguleið neðan í Svínahlíð sem orðið hefur til úr gömlum götum, Vífilsstaðstíg [1629] og Selstígnum [2103]. Flóttavegur kallast nú Elliðavatnsvegur þar sem hann liggur um land Garðabæjar. Hann hefur verið malbikaður og er enn nýttur sem akvegur.

## Kjóavallavarða [1636] landamerki heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Hér í norður, bak við Smalholt, er Rjúpnahlíð og þá Rjúpnadalur og svo Rjúpnahæð með Rjúpnahæðarvörðu [1618] sem héðan liggur landamerkjalínan í miðja Kjóavelli, en þar var Kjóavallavarða.“[73] Ekki finnst lengur nein varða á miðjum Kjóavöllum.



**Mynd 46 Yfirlitsmynd af Dyngjuhóll og Hádegishóll.**

## Hádegishóll – Dyngjuhóll eyktamark landamerki [1637-1743] vörður

Í örnefnalýsingum segir: „En landamerkjalínan lá af Maríuhellum upp á svokallaða Dyngju og Dyngjuhól – Hraunhóll var hann líka nefndur og Hádegishóll – enda eyktamark frá Vífilsstöðum.“[74] „Suður af hellunum [1646-1638-1732] rétt sunnan við Heiðmerkurveginn [2131] er stór hraunhóll, sem áður var með einni vörðu, en nú með mörgum. Hann kallaði Urriðakotsfólkið Dyngjuhól [1743], en Vífilsstaðafólkið Hádegishól, og var hann eyktarmark

[71] Ö-Álftaneshreppur GS, 20.
[72] Ö-Vífilsstaðir GS.
[73] Ö-Vífilsstaðir, GS.
[74] Ö-Vífilsstaðir, GS.

þaðan.“[75] Hóllinn er um 1350 m suðsuðvestur af Vífilsstöðum og er bein sjónlína þar á milli. Þetta er 10-15 m hár hóll úr hraungrýti, vaxinn mosa, birkikjarri og berjalyngi. Á honum er nokkra vörður. Engin þeirra er hærri en 0,8 m eða meira en 1,5 m í þvermál. Tvær eru þó sýnu mest áberandi [1637] og [1743].



**Mynd 47 Vörður á Dyngjuhól [1637-1743].**

## Maríuhellar – Vífilsstaðahellir [1638] og Urriðakotshellir [1732] hellar fjárskjól

Samkvæmt *Landamerkjaskrá* frá 1890 liggja merki Urriðakots frá Fjárréttargrjótgirðingum upp í „Urriðakots Fjárhellra [...] frammí vörðuna sín megin á Norðurhellragjáarbarmi [...]“. Um þá segir nánar: „Urriðakot á hálfa Fjárhellra mót Vífilstöðum sem fyrrum hjetu Maríuhellrar [...]“. En fulltrúi Garðakirkju skrifar ekki undir það: „Maríuhellrar (nú Vífilsstaðahellrar) eru samkvæmt máldögum eign Vífilstaða [...]“.[76]

Í örnefnalýsingum er víða greint frá hellunum: „Eftir hraunhryggnum upp af Jónshellum [1614] lá landamerkjalínan um Maríuhella (en þeir voru tveir og nefndist annar

[75] Ö-Urriðakot SP.
[76] *Landamerkjaskrá Urriðakots.*

Vífilsstaðahellir [1638] en hinn Urriðakotshellir [1732]. Voru þetta góðir fjárhellar.“[77] „Maríuhellar: Tveir hellar í hrauninu uppundir Dyngjuhól [1637]. Svo sögðu gamlir menn, að annar hafi tilheyrt Vífilsstöðum, hinn Urriðakoti. Voru þeir fjárhellar frá bæjunum [...] allstórir, syðst í Svínahrauni undir Dyngjuhól.“[78] „Í Svínahrauni rétt norðaustan við vegamót Flóttavegar [1635] og Heiðmerkurvegar [2131] eru Maríuhellar. Þeir eru tveir og eru á mörkum Urriðakots og Vífilsstaða. Hellarnir voru fyrrum notaðir sem fjárhellar. Nyrðri hellirinn var notaður frá Vífilsstöðum, en hinn frá Urriðakoti. Þessir hellar eru oftast kallaðir Vífilsstaðahellar.“[79] Hellarnir tveir snúa á móti hvor öðrum og þótt einhver ágreiningur hafi stundum verið um hvorri jörðinni þeir tilheyrðu þá virðist sá nyrðri og stærri [1638] yfirleitt vera eignaður Vífilsstöðum og kenndur við hann en sá syðri og minni [1732] Urriðakoti og kenndur við hann. Saman eru þeir oftast nefndir Maríuhellar. Það heiti er líklega frá kaþólskum tíma og hefur þá ef til vill verið talið gæfulegt fyrir féð að kenna hella þeirra við Maríu guðsmóður.



**Mynd 48 Maríuhellar: Horft yfir Vífilsstaða og Urriðakotshelli.**

Vífilsstaðahellir er í hraunkatli. Liggur kanturinn norðvestur og austur og er 19 m langur. Hægt er að ganga beint inn í hann til norðurs í stóru jarðfalli og einnig beggja vegna í kantinum. Þegar farið er inn í eystri rásina er gengið utan í hruni annars vegar og rásveggnum

[77] Ö-Vífilsstaðir GS.
[78] Ö-Álftaneshreppur GS, 16, 21.
[79] Ö-Urriðakot SP.

hins vegar. Á gólfinu í hellinum sést að hann hefur verið fjárskjól. Hleðslur eru ekki greinilegar við opið en þar hefur orðið mikið hrun. Hægt er að ganga í gegnum hellinn.

Urriðakotshellir er sá af Maríuhellunum sem mest ber á, opin hraunrás í miklu jarðfalli, 24 m á lengd. Gengið er ofan í hann að vestanverðu og niður í nálega 20 m langa rás uns komið er í grasi gróið jarðfallið. Í framhaldi af því heldur rásin áfram inn í sal og er gat í háu loftinu þar sem sér til himins. Fremst í hellismunnanum eru hleðslur og gólfin bera merki þess að þarna var fé geymt. Í jarðfallinu fyrir framan skútann mótar fyrir hleðslum. Virðist vera hús þar og ef til vill kví. Í Örnefnalýsingu Vífilsstaða frá 1991 er hann kallaður Jósefshellir en hinn sem er á móti honum hins vegar Maríuhellir: Jósefshellir er minni og lokaður í annan endann. „Þegar komið er niður í hellinn er silla beint á móti hátt upp, sem ekki næst til og heldur ekki hægt að komast ofan frá vegna bratta. Þarna verpti í mörg ár hrafn.“[80] Nafngiftin Jósefshellir er þó sennilega tilkomin síðar fyrir áhrif Maríuhellanafnsins sem gæti verið frá kaþólskum tíma.




**Mynd 49 Maríuhellar uppdráttur á skilti við hellana.[81]**

---

[80] Ö-Vífilsstaðir EBB, 2.
[81] Uppdráttur Ómar S. Ármannsson hönnuður á skilti Árni Tryggvasson.



**Mynd 50 Vífilsstaðahellir - Maríuhellar [1638].**

## Álfaklettur – Álfabyggð [1639] – heimild

Rétt hjá rústum Finnsstekks eða Finnsstaðar [1616] á Hálshúsakrika við Vífilsstaðavatn er „Álfaklettur, mikill steinn".[82] Þetta gæti í raun verið hvaða steinn sem er en þó hefur verið bent á ákveðna steina sem hugsanlega álfakletta (sjá mynd) en þessir steinar eru 188 m norðvestur frá Finnstekk-Finnstöðum [1616]. Það er líka möguleiki á því að Álfaklettur sé steinn sem 130 m í norðaustur frá Finnstekk – Finnstöðum [1616]. Ljóst er að ekki er vita nákvæmlega hvaða klettar þetta eru og engin áberandi steinar eða klettar eru í nágreninu.

[82] Ö-Vífilsstaðir GS; sjá einnig: Ö-Vífilsstaðir SP.



## Stekkjartún – Stekkurinn [1640]

„Á flötum niður undan Svínahlíð norður með var Stekkurinn í svonefndu Stekkatúni og þar norðar voru Réttarflatir [1659]“.[83] Þetta var stekkur frá Vífilsstöðum og leifar hans er enn að finna á Stekkatúni eða Stekkjartúni, um 10 m vestur af rótum hlíðarinnar. Honum hefur verið raskað því einungis neðsta steinaröðin er eftir. Hann virðist hafa verið 7 m á lengd og 4 m á breidd.



**Mynd 51 Leifar af stekknum [1640] í Stekkjartúni.**

[83] Ö-Vífilsstaðir GS.



**Mynd 52 Guðnýjarstapi [1641].**

## Guðnýjarstapi – Markavarða landamerki kuml [1641] varða hleðslur

Í örnefnalýsingum segir frá Guðnýjarstapa: „Norðan í háholtinu var varða, Guðnýjarstapi [...] Nú er allt Hofstaðaholtið komið undir byggingar.“[84] „Norðan í holtinu er Guðnýjarstapi, klapparhóll með grasþúfu. Guðnýjarstapi er nú inn á lóð Holtsbúðar 87.“[85] Í örnefnaskrá Álftaneshrepps er þarna um tvennt að ræða, klapparhól og vörðu: „Guðnýjarstapi: Klapparhóll allmikill upp í Hofstaðaholti. Þar um lá landamerkjalína úr Dýjakrók. Markavarðan: Hún mun hafa verið norðan og neðan við Guðnýjarstapa.“[86] Sunnan, austan og vestan við Guðnýjarstapa eru Holtsbúð 87, 89 og 91. Guðnýjarstapi er grasi gróinn stapi eða smáhæð, um 8 x 6 m að ummáli með stefnu norðvestur – suðaustur og allt að 1,5 m á hæð. Hér og þar standa steinar upp úr stapanum og efst á honum er stór þúfa. Stapinn virðist vera manngerður og gæti þarna hugsanlega verið kuml. Ólíklegt er að þúfan sé yfirgróin varða eins og ein

[84] Ö-Vífilsstaðir SP; sjá einnig: Ö-Vífilsstaðir AG.
[85] Ö-Vífilsstaðir innskot EBB.
[86] Ö-Álftaneshreppur GS, 15.

örnefnalýsingin virðist gera ráð fyrir en þó má ætla að varðan hafi verið hlaðin á stapanum frekar en til hliðar við hann. Engin merki sjást nú um vörðu en greina má hleðslur í hólnum.

## Hallbera – kennimark [1642] varða

Í örnefnalýsingum segir: „Markavarða á Hofstaðahæð mun hafa verið kölluð Hallbera. Talið er að nafnið sé komið frá vistmönnum á Vífilsstaðahæli. Líklega er þetta sama þúfa og nefnd er Norðurþúfa.“[87] „[...] Varða á holtinu hlaðin af sjúklingum og kallaðist hún Hallbera.“[88] „Hallbera varða austan í Hofsstaðaholti hvarf, þegar byggð reis á holtinu. Hún stóð, þar sem lóð Gígjulundar 6 er nú.“[89]



**Mynd 53 Kví [1643] og kennimark [1755]; það glittir í vörðuna lengst til vinstri.**

[87] Ö-Vífilsstaðir GS.
[88] Ö-Vífilsstaðir SP.
[89] Ö-Vífilsstaðir innskot EBB.

## Kví og kennimark [1643-1755] hleðslur og varða

Rétt sunnan við rétt [1658] og vestan við fjárhús [1627] er lítið aðhald eða kví [1643] ásamt vörðu [1755]. Aðhaldið er myndað með um 3,4 m löngum vegg sem hlaðinn er upp við hraunklett. Á hraunveggnum eru leifar af vörðu sem síðar hefur verið endurhlaðin um það bil 9 m austan við aðhaldið. Varðan hefur verið kennimark til að vísa á aðhaldið.



**Mynd 54 Draugahellir [1646] er stór og hár.**

## Draugahellir [1646] hellir

„Draugahellir er á svæði skátanna, þarf að síga í hellinn. Hann er stór og hár. Opið þröngt. [...] Hellirinn er ekki langt frá Heiðmerkurveginum [2131].“[90] Upphaflega hafa Maríuhellar líklega einungis verið taldir fjárhellarnir tveir, Vífilsstaðahellir [1638] og Urriðakotshellir [1732], en þriðji hellirinn var sér: „Ofanvert við Maríuhella var svo Draugahellir.“[91] Nú er

[90] Ö-Vífilsstaðir EBB.
[91] Ö-Vífilsstaðir GS.

hann þó stundum talinn með Maríuhellum og er þá þeirra vestastur, um 65-70 m langur inn í botn en mjög lágur innst. Inngangurinn í hann er um þrönga gjótu sem liggur niður með vegg hraunrásar og stórgrýtis úr hrundu loftinu.

## Gjáarréttargötur – gata [1647] heimild

Í Örnefnalýsingum segir: „Gjárréttargötur: Götutroðningar þeir er lágu inn með Vífilsstaðahlíð, milli hennar og Urriðakotshrauns, í Gjáarrétt [...] var þar landamerkjalínan [milli Vífilsstaða og Urriðakots] til forna, allt inn á Norðurhellagjárbarm eystri. Þar var hornmark [2073].“[92] Þessi forna leið eða hlutar hennar eru enn þá sýnilegir.

## Aðhald – kví [1648] hleðsla

Í Svínahrauni sunnan Vífilsstaða [1600] er svolítil kví hlaðin milli tveggja hraunkletta. Hleðslan er norðan megin en klettarnir nýttir sem veggir beggja vegna. Lengd að innan er 3 m en breidd 1,6 m. Þetta er ein af mörgum kvíum – stekkjum í Svínahrauni.



**Mynd 55 Kví [1648]: Hlaðið er á milli tveggja hraunkletta.**

[92] Ö-Álftaneshreppur GS, 16, 21.

## Vaðið [1649] vað

„Lækurinn féll úr Vífilsstaðavatni og þar var Ósinn og Vaðið og nú seinna lá þar Lækjarbrúin yfir á vaðinu,“ segir í örnefnalýsingu.[93] Vaðið lá yfir lækinn rétt við ósinn. Enn sést greinileg röð af steinum yfir þar sem það hefur verið en þeir eru nú komnir undir vatnsrennslið. Brúin [1610] er hins vegar töluvert neðar með læknum.



**Mynd 56 Gamla vaðið yfir Vífilsstaðalæk rétt við Vatnsós Vífilsstaðavatns.**

## Bjarnarkriki [1650] heimild þjóðtrú

„Suðvesturhorn Vetrarmýrar við fjósið á Vífilsstöðum heitir Bjarnarkriki. Þar þótti reimt og var sagt, að óeðlilegur skepnudauði hefði verið í fjósinu fyrst eftir að það var tekið í notkun,

[93] Ö-Vífilsstaðir GS; sjá líka: Ö-Álftaneshreppur GS, 16; Ö-Vífilsstaðir EBB.

svo að sóknarpresturinn var fenginn til að vígja fjósið. Tók þá fyrir reimleikana.“[94] Í Bjarnarkrika var sleða- og skíðabrekka en hann er nú horfinn undir Reykjanesbraut.[95]

## Smalholtsvarða [1651] landamerki heimild

Í örnefnalýsingum segir: „Suðaustan Hnoðraholts og norðaustan Vífilsstaðavatns er Smalaholt.“[96] „Þá liggur Landamerkjalínan í Smalholtsvörðu á Smalholti.“[97] Þessi varða finnst ekki lengur á Smalaholti.

## Vatnsból [1653] lind

„Þegar haldið er suður með vatninu er komið í Króka, upp af þeim er mýrarkorn og þar í uppsprettur. Dýjakrókar er mýrin Krókamýri. Þar er nú Vatnsból Garðakauptúns og Garðahverfis,“ segir í örnefnaskrá.[98] Vatnsbólið er um 1,5 km suðaustur af Vífilsstöðum og um 150-200 m suðsuðaustur af Vífilsstaðavatni. Svæðið er um 80 x 80 m og afgirt. Það er gróið grasi og runnagróðri á stangli og malarplan er í miðju þess, sem og fjórar byggingar, hver um 3 x 2 m að flatarmáli. Lækur rennur inn á svæðið úr Grunnavatnsskarði og út í Vífilsstaðavatn. Ekki er ljóst hvort vatnsbólið hafi verið nýtt á fyrri tímum, áður en það varð vatnsból Garðabæjar.

---

[94] Ö-Vífilsstaðir SP.
[95] Ö-Vífilsstaðir innskot EBB.
[96] Ö-Vífilsstaðir SP; sjá líka: Ö-Vífilsstaðir AG.
[97] Ö-Vífilsstaðir GS; sjá líka: Ö-Álftaneshreppur GS, 15.
[98] Ö-Vífilsstaðir GS.



**Mynd 57 Lágmynd á Skyggnisholti.**

## Lágmynd [1655]

Óvenjuleg lágmynd af konu hefur verið höggvin í klöpp á Skyggnisholti. Engar heimildir eru um listamanninn og tilurð sköpunarverksins. Þarna í kring er hins vegar mikið af stríðsminjum og má varpa þeirri hugmynd fram til gamans að einhver hermaðurinn hafi dundað sér við að klappa mynd í bergið. Lágmyndin er á mörkum Garðabæjar og Kópavogs. Minjarnar eru mjög nálægt þar sem verið er að byggja ný hús í landi Kópavogs við götuna Austurkór 179.

## Leið Grímseta [1656]

Gömul gata liggur upp eftir Hlíðarhorni, norðurenda Svínahlíðar, fram hjá vatnsgeymi [1619] sem er vestan megin og að vörðunni Grímssetu [1632] efst uppi. Stígurinn heldur síðan áfram fram hjá skotbyrgi [1630] og suðvestur yfir hlíðina.



**Mynd 58 Gata [1656] upp á Hlíðarhorn að Grímsetu [1632] (efst t.v.) og skotbyrgi [1630].**



**Mynd 59 Vatnsgeymir [1657] rétt hjá Vífilsstaðavatnsós.**

## Vatnsgeymir [1657] steinsteypa

Steyptur vatnstankur er við vatnskofa [1634] rétt sunnan við afrennsli Vífilsstaðavatns. Annar vatnsgeymir [1619] er upp í hlíðinni byggður 1910.

## Rétt – stekkur [1658] tóft

Við Vatnsmýrina neðan Vífilsstaða, vestan fjárhúsatóftar [1627] og 36 m norðan við kví [1643], er rétt eða stekkur úr hraungrýti. Hún er hlaðin í hraunkvos, 14,4 x 10,2 á stærð, og veggur í henni miðri sem skiptir henni í tvö hólf. Inngangur er í hana austan megin. Á síðustu tveimur árum hefur oft flætt yfir réttina og fleiri minjar á svæðinu.



**Mynd 60 Rétt – stekkur [1658] í Svínahrauni. Flætt hefur yfir svæðið sl. ár. Fyrri myndin var tekin 2013.**

## Réttarflatir rétt [1659] heimild

„Réttarflatir: Þær eru við Hraunbrúnina undir hlíðinni, vel grónar. Réttir: Rústir gamalla rétta eru þarna við hraunbrúnina.“[99] Þetta er niður undan Svínahlíð eða Vífilsstaðahlíð en réttin var um 100 m norðnorðvestur af stekk [1640] í svonefndu Stekkjartúni og rúmlega 200 m norðaustur af Maríuhellum [1638]. Þar sem réttin var áður er nú malbikaður vegur og bílastæði.



**Mynd 61 Moldargötur [1700] liggja milli Svínahrauns og Moldarbrekkna.**

[99] Ö-Álftaneshreppur GS, 17; sjá einnig: Ö-Vífilsstaðir GS.

## Moldargötur – Gjáarréttarstígur Álftnesinga [1700] leið

Í Örnefnalýsingu 1988 segir: „Norðan undir Brekkutöglum með hrauninu lá Gjáarréttarstígur Álftnesinga.“[100] Samkvæmt Gunnari Benediktssyni í Garðabæ hét vegurinn einnig Moldargötur og lágu þær „inn með norðurhlíð Urriðakotsholts að Maríuhellum“ en að þeim „hafa þeir farið: 1) Hraunsholtsstíg um Hvamminn upp af Neðranefi við Hraunsholt eða 2) Álftanesstíg, kirkjustíg inn á Garðahraun en þaðan kirkjustíg, Setbergsstíg, norðan Víðistaða í Kaplakrika og þaðan um Stórakrókshól, Stórakróksstíg, að Brekkutöglum Urriðakots. Stíga þessa má enn víða rekja.“[101] Malarvegur er þar sem Moldargötur hafa áður legið milli Moldarbrekkna og Svínahrauns. Hægt hefur verið að aka bíl þar áður en nú er er þetta gönguleið. Á stöku stað glittir í gamla stíginn norðan megin meðfram malarveginum.



**Mynd 62 Kví – stekkur – stöðull [1746].**

[100] Ö-Urriðakot SP.
[101] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 70, 97-98, 125.

## Kvíar – stekkur – stöðull [1746] hleðslur

Kvíar eru hlaðnar í hraungjótu í Svínahrauni við Vatnsmýri. Þar er um 3,4 m hleðsla utan í hraunklöpp sem myndar vegg á móti. Hleðsluhæðin er mest um 0,5 m en innanmálið um 3 x 4 m.



**Mynd 63 Garður [1747] við Kúagjótur.**

## Garður [1747] garðlag hraunhleðslur

Neðan við vesturenda Vífilsstaðatúns [1601] liggur lágt og sigið garðlag suðvestur frá Vífilsstaðalæk [1615]; það slitnar í sundur sín hvoru megin göngustígar sem þarna liggur yfir Svínahraun og er sá hlutinn sem er næstur læknum, norðan stígsins, um 29 m langur, en sunnan stígsins heldur garðurinn áfram um 49 m. Þá rofnar hann á svolitlum kafla en sést aftur nokkru sunnar og heldur áfram um 100 m með sveigju í suðaustur. Þessi garður liggur

vestan með Kúagjótum, grónum lautum og bölum í jaðri hraunsins og í mýrarjaðri við lækinn er svokölluð Nautalind.[102] Líklegt virðist því að hann hafi tengst nautgripahaldi Vífilsstaða.



**Mynd 64 Fjárhús [1748] neðan Vífilsstaða. Minna hólfið sést innst í húsinu t.v.**

## Fjárhús garður [1748] tóft og garðlag

Tóft af fjárhúsum er við Vatnsmýrina um 350 m suður af hinu gamla bæjarstæði Vífilsstaða [1601]. Hún er sa. 9 x 10,5 að utanmáli og skiptist í tvö hús sem opnast bæði í suður; gæti það bent til að timburgaflar hafi verið á þeim. Stefnan er norðnorðaustur – suðsuðvestur. Veggirnir eru hlaðnir úr grágrýti sem tekið hefur verið úr nánasta umhverfi og eru nú mjög grónir grasi, lyngi og mosa. Þeir ná mest um 1,8 m breidd og 0,8 m á hæð. Garðar eða jötustallar liggja innan með langveggjum báðum megin í húsunum. Vestasti veggurinn er dálítið siginn um miðbikið eins og hrunið hafi úr honum. Innst í vestari tóftinni er minna hólf, um 2 x 2 m að innanmáli, og hefur þar þá ef til vill verið hlaða. Út frá norðvesturhorni tóftarinnar og hlöðunnar gengur lágt garðlag úr grjóti, um 1 m á breidd og 6 m á lengd. Það endar við göngustíginn sem liggur þarna framhjá tóftinni sunnan og vestan megin.

[102] Ö-Álftaneshreppur GS, 17.



**Mynd 65 Garðlag við fjárhús [1748]. Horft í suðaustur.**

## Kálgarður [1750] heimild

Á túnakorti frá 1906 er hlaðinn kálgarður teiknaður innan og upp við suðvesturenda Vesturtúngarðs [1601] Vífilsstaða.[103] Garðurinn hefur verið skammt upp af Vífilsstaðalæk en ekki sést lengur til hans.

## Kálgarður [1751] heimild

Á túnakorti frá 1906 er hlaðinn kálgarður teiknaður innan og upp við miðjan Austurtúngarðinn [1609].[104] Ekki sést lengur til þessa garðs.

[103] *Túnakort Vífilsstaða*, 1906.
[104] *Túnakort Vífilsstaða*, 1906.



**Mynd 66 Óþekkt mannvirki [1752] fast austan við Austurtúngarð [1609]**

## Tóft óþekkt [1752] grjóthleðsla

Í brekkunni fast austan og utan við Austurtúngarð [1609] Vífilsstaða, nokkuð ofar en miðbik hans, er aflöng upphækkun eða bunga hlaðin úr stórum grjóthnullungum. Þetta er beint suður af steinsteyptu húsi en allt svæðið þarna er í mikilli órækt með hávöxnum gróðri og því erfitt að sjá lögun á mannvirkinu. Um er að ræða einhvers konar flöt sem virðist hafa verið hlaðinn þvert utan í brekkuna með stefnu vestur – austur; stærðin er um 27 x 11 m. Vestan megin, nær túngarðinum, endar mannvirkið í ólögulegri grjóthrúgu en upp úr þeim enda vex risastórt furutré. Sunnan við það skagar grjóthlaðinn angi út frá heildarhleðslunni, um 7 m í suður; hann er um 6 m á breidd og greinilega ferhyrningslaga. Helst virðist hér vera á ferðinni mannvirki sem hlaðið hefur verið utan í brekkuna til að mynda jafnari grunn og þá ef til vill undir einhverja byggingu.



**Mynd 67 Eitt af mörgum garðlögum í Svínahrauni [1754].**

## Garður - girðingastæði [1754] garðlag hleðslur

Leifar af gömlu girðingarstæði eða garðlagi sjást á fjórum stöðum í hrauninu sunnan Vífilsstaðalækjar, skammt norðan við göngustíg. Garðlagið liggur í suðaustur. Norðvestast er 15 m löng hleðsla sem kemur í beinu framhaldi af náttúrulegum hraunkletti; hún er mest um 1,5 m á breidd. Um 60 m lengra í austur er önnur grjóthleðsla í sömu línu sem liggur nú þvert yfir svolítið vatn í hraungjótu; garðlagið er um 0,5-1 m á breidd og 7,3 m á lengd. Um 45 m frá því áfram í suðaustur er þriðja garðlagið sem er heldur signara og ógreinilegra, sa. 11 m á lengd. Frá því eru um 20 m austur í Jónshellnastíg [1613]. 20 m lengra í suðaustur frá stígnum

er svo fjórða garðlagið sem einnig liggur yfir vatn, um 6 m langt, grjóthlaðið og yfirgróið. Gömul gaddavírsgirðing liggur áfram suðaustur frá þessari hleðslu.



**Mynd 68 Malarstígur sem nú liggur á kafla gömlu Alfaraleiðarinnar [1756] í átt að Vífilsstaðavatni.**

## Alfaraleið [1756] gata

Í örnefnalýsingu segir: „Frá bænum lágu Vífilsstaðatraðir [1612] upp í Traðarhlið á Norðurtúngarði. Úr hliðinu lá svo gata í Alfaraleiðina sem þarna lá um Vífilsstaðamela.“[105] Alfaraleiðin lá sem sé um melana ofan Vífilsstaðatúns og hefur vestari hluti hennar verið á sömu slóðum og malbikaður Vífilsstaðavegurinn var lagður síðar beint upp að Vífilsstöðum.[106] Á gamalli ljósmynd sem tekin er úr lofti má sjá hvernig vegurinn lá áður í gegnum húsahverfið á Vífilsstöðum en ekki fyrir norðan fjósið eins og í dag (mynd 15). Á spottanum frá núverandi eystri húsum Vífilsstaða og út að Flóttavegi [1635] var malarvegur

---

[105] Ö-Vífilsstaðir GS; sjá einnig: Guðlaug Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 73.
[106] Sbr. Guðlaug Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 69.

eins og í dag. Mölin hefur verið borin í gömlu götuna á seinni tímum eins og malbikið en leiðin liggur þó enn á sömu slóðum á þessum kafla Alfaraleiðarinnar og hefur að því leyti ákveðið varðveislugildi.

## Garðyrkjukofi [1757] kofi skýli

Í örnefnalýsingu segir: „Í skýli nálægt gamla bænum eða úr hluta gamla bæjarins var afdrep garðyrkjukonu hælisins [...] Annaðist hún garðinn og gróðurhúsið þegar það var, síðar flutt að Reykjum í Ölfusi."[107] Garðyrkjukona Vífilsstaða hét Sigríður og var við störf í æsku Guðrúnar P. Helgadóttur (f. 1922) sem var heimildarmaður við örnefnaskráningu árið 1991.[108] Þetta litla hús var nýtt í tengslum við garðyrkju Vífilsstaða langt fram eftir 20. öldinni og er enn uppistandandi. Það hefur þó ekki verið byggt úr hluta bæjarins heldur stendur það rétt austan við hlaðinn garð [1602] sem var við bæjarstæðið [1600]. Það er um 7,5 m á lengd og 6,7 m á breidd, byggt úr timbri á steyptum grunni með bárujárnsklæddu þaki.



**Mynd 69 Skýli [1757] garðyrkjukonu Vífilsstaða við gamla bæjarstæðið [1600].**

---

[107] Ö-Vífilsstaðir EBB.
[108] Ö-Vífilsstaðir EBB.

## Bryggja lending [1765] bryggja og leið [1763] gata

Við Vífilsstaðavatn var ofurlítil bryggja og lengi voru þar líka tveir litlir seglbátar, Gunnhildur og Vífill, í eigu sjúklinganna á Vífilsstöðum. Bátarnir voru nýttir til skemmtisiglinga og silungsveiða en ungu mennirnir sem flestir kunnu að sigla buðu oft vinkonum sínum í siglingu enda var vatnið grunnt og hættulaust. Skemmtinefndin í hópnum annaðist viðhald bátanna og yfirlæknirinn á Vífilsstöðum greiddi meira að segja í sérstakan styrktarsjóð sjúklinga sem nýttur var til þess.[109] Bryggjan [1765] hefur sennilega verið á sama stað og nú, þ.e. við vesturbakka vatnsins. Einn göngustígur [1763] sjúklinga lá niður að bryggjunni og sést hann enn þá greinilega á kaflanum næst vatninu.



**Mynd 70 Sjúklingar frá Vífilsstöðum á siglingu um vatnið. Myndin er fengin frá Garðabæ.**

[109] Erla Bil Bjarnadóttir, *Vífilsstaðir í fortíð og framtíð*, 14-15.



**Mynd 71 Troðningur [1763] niður að bryggjunni [1765] við Vífilsstaðavatn.**

## Miðaftanshóll – eyktamark landamerki [2002] varða

„Norðvestur af norðurenda Vesturmýrar er hraunið tiltölulega slétt og flatt og kallast þar Flatahraun (Svínahraun). Þar liggur nú akvegur, sem nefndur er Reykjanesbraut. Norður af Flatahrauni er nokkuð áberandi hóll með vörðu, Miðaftanshóll. Hann er á mörkum Urriðakots, Hafnarfjarðar og Vífilsstaða“, segir í örnefnaskrá.[110] Miðaftanshóll er gamalt eyktamark frá Vífilsstöðum, einnig nefndur Hagakotshóll.[111] Hóllinn er áberandi í hrauninu og á honum stendur varða sem er núverandi landamerki Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Varðan er hlaðin með hraungrýti og steypt hefur verið á milli umfara. Í steypulagið er letrað ártalið 1960. Grunnflatarmál vörðunnar er 1 x 1 m og hún er 1,5 m á hæð. Sunnan undir Miðaftanshól eru hleðslur undir járnbraut sem fyrirhugað var að leggja frá Hafnarfirði og yfir hraunið árið 1918. Brautin hefur verið nefnd Atvinnubótavegur og liggur svo til beint í gegnum hraunið, rétt áður en komið er yfir austurbrún þess.

[110] Ö-Urriðakot SP.
[111] Guðmundur Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 22.



**Mynd 72 Miðaftanshóll [2002]: eyktamark og hornmark.**

## Tóftir við Grunnuvötn [2008]

Í skjólgóðum hvammi sunnan við Grunnavatn nyrðra virðast vera jarðlægar leifar af mannvirkjum, hugsanlegi seli. Staðurinn er einmitt ákjósanlegur fyrir sel. Erfitt er að greina nokkra húsaskipan en þetta gætu verið tvö eða þrjú mannvirki.



**Mynd 73 Tóftir [2008] við Grunnavatn nyðra.**

## Leið [2084] gata – stígur og varða [2089] varða

Þegar leiðin eftir Jónshellnastíg [1613] er sa. hálfnuð að Jónshellum [1614] sést önnur gata liggja frá honum norðvestur yfir Svínahraun. Hún slitnar sundur við Reykjanesbraut en heldur síðan áfram gegnum hraunið hinum megin alla leið að Atvinnubótavegi. Rétt áður en kemur að honum greinist hún í tvennt. Ekkert nafn er þekkt á þessari hraungötu. Hún er mjög gróin og við hana er að finna eina vörðu [2089]. Hugsanlega leynast fleiri vörður við stíginn en birkið er orðið mjög þétt.



**Mynd 74 Fallinn varða [2089] við leið [2084].**

## Vörður og vörðubrot í Sandahlíð landamerki [2126-2127-2128] vörður

Í Sandahlíð eru tvær vörður ásamt vörðubroti, allar á sama bletti. Kannski hafa vörðurnar tengst því að landamerki lágu um Vatnsendabás austan í Sandahlíð.[112]

[112] Ö-Vífilsstaðir GS.



**Mynd 75 Vörður [ 2126-2127-2128] í Sandahlíð.**

## Arnarbæli landamerki [2124] varða

Í örnefnalýsingu kemur fram að landamerki lágu í Arnarbæli syðst í Sandahlíð. „Það er nefnt í fornu bréfi frá upphafi 16. aldar Arnarstapi. Héðan af Arnarbæli, sem er hornmark, liggur línan niður um Vatnsásinn eða Grunnvatnsás.“[113] Á Arnabæli er að finna stóra vörðu, 1,3 m á hæð, og koparbolta í klöpp; lengd vörðunnar er um 3 m og breiddin 2 m. Þetta er líklega forn markavarða en hún hefur þó einhvern tímann verið lagfærð og þá ekki verið vel hlaðin í toppinn.

[113] Ö-Vífilsstaðir GS.



**Mynd 76 Varða á Arnarbæli [2124].**

## Húsgrunnur – herminjar [2125] steypt plata og grjóthleðsla

Í miðri Sandahlíðinni ofan og suðaustan Vífilsstaðavatns eru leifar af grunni; sennilega hefur þarna staðið braggi. Grjóthleðslurnar við veggina sjást vel og auk þess hefur hluti af gólfinu verið steyptur. Bragginn snýr austur – vestur og hefur inngangurinn verið vestan megin. Lengd braggans er um 12 m og breidd 6 m.



**Mynd 77 Húsgrunnur – braggi [2125]: steypt plata og grjóthleðsla.**

## Nónhóll varða [2130] landamerki

Í örnefnaskrá segir: „Nónhóll: Hóll þessi er á hrauninu norðan við Moldbrekkur. Hann var eyktarmark frá Vífilsstöðum. Gróinn ofan.“[114] Þessi hóll eða hæð er á hraunbrúninni við Moldargötur [1700] rétt vestur af Jónshellnastíg [1613]. Á hólnum er snotur varða, tæplega 1 m á hæð. Mikill trjágróður er í kring en þó sést enn þá til Vífilsstaða frá vörðunni.



**Mynd 78 Varða á Nónhól [2130]: Eyktamark frá Vífilsstöðum.**

## Heiðmerkurvegur [2131]

„Inn og austur hraunið liggur svo Heiðmerkurvegurinn“[115] segir í örnefnaskrá. Heiðmerkurvegur beygir austur frá Flóttavegi [1635] milli Maríuhella [1638-1646-1732] og Dyngjuhóls [1637] og liggur síðan suður gegnum mosagróið hraunið vestur undir Vífilsstaðahlíð. Við nyrðri kaflann liggur Selstígurinn [2103] austan hans nær hlíðinni. Heiðmerkurvegur er akvegur, upphaflega malarvegur, en hefur nú verið malbikaður og er enn í notkun.

[114] Ö-Álftaneshreppur GS, 20.
[115] Ö-Vífilsstaðir GS.

### Vatnsás landamerki [2133-2134] vörður

Tvær vörður eru á Vatnsás sem gengur fram milli Grunnuvatna, vestan og sunnan við Arnarbæli en norðan Víkurholts. Þær blasa við uppi á ásnum og hafa verið hlaðnar í tengslum við landamerkjalínuna sem lá niður um Vatnsás. Þær sjást líka vel frá Grunnavatnsstíg [1633] og hafa því gagnast vegfarendum.



**Mynd 79 Landamerkjavörður [2133-2134] á Vatnsás ofan við Grunnavatn.**

## Vífilsstaðasel

Þess er ekki getið í *Jarðabókinni* árið 1703 að haft hafi verið í seli frá Vífilsstöðum og í lýsingu Garðaprestakalls frá árinu 1842 kemur fram að seljabúskap hafi þar víðast hvar verið hætt á árunum 1780-1790. Garðar höfðu lengst í seli eða allt til ársins 1832 og voru þá eina jörðin í prestakallinu sem það gerði.[116] Engu að síður eru miklar seljarústir varðveittar norðan í Selholti, ofan Vífilsstaðahlíðar, þekktar undir nafninu Vífilsstaðasel. Af þögn ritheimilda má

[116] *Gullbringu- og Kjósarsýsla*, 127-128.

þá ef til vill ráða að seli hafi ekki verið komið upp þarna fyrr en eftir jarðaskráninguna eða upp úr 1700 og þá einungis verið í notkun í tæplega öld, – miðað við að selstöðum hafi verið hætt undir lok 18. aldar. Reynt var að halda uppi áróðri fyrir því á 18. öld að taka seljabúskap upp aftur en almennt dróst hann saman og var síðan mjög lítill á 19. öld.[117] Ólíklegt virðist því að ráðist hafi verið í seljabúskap frá Vífilsstöðum löngu eftir 1700.

Engu að síður virðast þarna vera seljasamstæður [2111-2112-2113] frá þremur mismunandi tímabilum sem bendir frekar til þess að seljabúskapur hafi staðið lengur en í 80-90 ár. Það má því líka skoða þann möguleika að selið við Selholt sé töluvert eldra eða frá því fyrir 1700. Vífilsstaðasels sem slíks er að vísu hvergi getið í ritheimildum svo snemma en það afsannar þó ekki að það hafi verið til því að ritheimildir greina ekki frá öllu. Svo má líka velta fyrir sér hvort rústirnar séu frá seli sem heyrt hefur undir aðra jörð.



**Mynd 80 Uppdráttur af Vífilsstaðaseli 2011 eftir Ómar Smára Ármannsson.**

[117] Þorkell Jóhannesson, „Þankabrot um Vífilsstaðasel“, 35.

Búskapur í seljum var hagkvæmur þar sem heimalandið næst bænum var á einhvern hátt takmarkað og betri beitilönd með aðgangi að vatni og eldivið voru annars staðar í landareigninni. Vífilsstaðatún var ekki stórt og auk þess umlukið mýrum og hrauni og hefur því legið beint við að hafa í seli á gróðursælum svæðum eins og dalverpinu við Selholt.[118]

Vífilsstaðasel er víða nefnt í örnefnalýsingum frá 20. öld: Ef farið er „upp á Vífilsstaðahlíð, þar sem Einarsnef gengur fram og haldið til norðausturs, þar sem Ísallínan liggur, er fljótlega komið á klapparás suðaustan háspennulínunnar, sem Selás nefnist. Suðvestan undir ásnum er grasi gróinn slakki á móts við mastur nr. 29 í Ísallínu. Suðaustast í slakkanum eru rústir Vífilsstaðasels.“[119] „Þar eru allmiklar rústir. Hefur verið vel hýst.“[120] Fleiri kennileiti draga nafn af seljabúskap á staðnum: Selholt var sunnan við selið og Selhóll var klapparhóll „þar vestur af með Selkvíunum“ [2110].[121] Til að finna Vífilsstaðasel, eins og það nefnist nú, er einfaldast að ganga gamla línuveginn upp á Vífilsstaðahlíð. Þá er komið upp á mela en suðaustar eru klapparholt. Þegar er haldið er áfram eftir veginum er fljótlega komið að stikaðri gönguleið sem liggur suðaustur að grösugum hvammi milli holta, um 50 m sunnan við tvö háspennumastur. Á svæðinu er seljarústir [2111-2112-2113] frá mismunandi tímum og einnig leifar stekkja [2109-2114] og kvía [2110]. Minjarnar eru syðst og austast í hvamminum norðvestan undir Selási sem skilur hvamminn frá Grunnuvötnum og norðan í Víkurholti nyrðra.

Vífilsstaðasel er friðlýst með samkomulagi við Skógræktarfélag Reykjavíkur, sbr. bréf þjóðminjavarðar frá 21. apríl 1964.[122]

---

[118] Þorkell Jóhannesson, „Þankabrot um Vífilsstaðasel“, 31-32.
[119] Ö-Vífilsstaðir SP.
[120] Ö-Álftaneshreppur GS, 19.
[121] Ö-Vífilsstaðir GS.
[122] *Friðlýsingarbréf.*




**Mynd 81 Teikning af selinu [2113] eftir Önnu Lísu Guðmundsdóttur og Margréti B. Magnúsdóttir[123]**

## Stekkur [2109]

Stekkjarleifar eru sunnan við seljarústir undir Selási. Stekkurinn hefur að innanmáli verið um 8 m á lengd og 1,8 m á breidd. Grjót hefur verið rifið úr honum og notað í önnur mannvirki á svæðinu. Ætla má að þessi stekkur hafi verið notaður í tengslum við eldri seljabúskap á svæðinu [2111-2112].

[123] Þorkell Jóhannesson, „Þankabrot um Vífilsstaðasel“, 31.



**Mynd 82 Stekkjarleifar [2109] sunnan við seljatóftir [2111-2112].**



**Mynd 83 Selskvíar [2110].**

## Selskvíar [2110] hleðslur

Kvíarnar eru hlaðnar upp norðan við mosagróinn klett austan við stekk [2109]. Hleðslan er 3,6 m.

## Vífilsstaðasel eldri tóftir [2111] og [2112]

Norðvestan við selskvíarnar [2110], rétt norðan við eldri stekkjarleifar [2109] á svæðinu má greina tóftir frá að minnsta kosti tveimur eldri seljasamstæðum. Beint sunnan við yngsta selið [2113] sjást þústir sem gætu verið frá elsta selinu [2111]. Rétt hjá þeim virðist svo mega greina brot af veggjum frá þremur tóftum [2112] frá yngra stigi. Mjög stórþýft er á svæðinu vestan megin við seljaleifarnar og er líklegt að fleiri byggingaleifar leynist þar undir.



**Mynd 84 Fremst eru leifar af eldra selinu [2111-2112] en yngstu tóftirnar [2113] sjást fyrir aftan.**

## Vífilsstaðasel yngsta [2113] tóftir

Nýrri selin eru aflöng og sambyggð, um 30 x 10 m, og snúa í norður – suður. Greina má tóftaröð frá fimm samliggjandi rýmum eða húsum og er gengið inn í þessa húsasamstæðu frá

vesturhlið og síðan eru inngangar inn í hvert hús. Tvö þau austustu virðast elst eða frá fyrra byggingarskeiði; þau standa innar en hin rýmin þrjú. Veggir tóftanna eru um 2-3 m breiðir og um 0,5-1,2 m háir. Öll tóftaröðin er mjög gróðurvaxin.



**Mynd 85 Horft vestur yfir tóftaröð frá yngstu seljasamstæðunni [2113].**



**Mynd 86 Tekið með flygildi selið sést vel og stekkurinn fyrir ofan það. Landslag ehf.**



**Mynd 87 Stekkur [2114] á Selás.**

## Stekkur yngsti [2114] hleðslur

Uppi á brún skammt norðaustur af yngsta selinu [2113] er stekkur sem hlaðinn hefur verið oftar en einu sinni. Hann tilheyrir nær örugglega þessu seli. Stekkurinn skiptist í þrjú rými: það sem næst er selinu er 1,8 m á breidd og 9 m á lengd, hið næsta sem virðist jafngamalt er 4 m á breidd og 3 m á lengd, en hið þriðja sem líklega er elst hefur verið 3,5 m á breidd og að minnsta kosti 2 m á lengd, sennilega þó lengra. Yngri stekkjarleifarnar eru vafalaust endurhlaðnar úr þessu elsta rými stekkjarins.



**Mynd 88 Vatnsból í selinu.**

## Selbrunnur vatnsból [2115] brunnur

Samkvæmt örnefnalýsingu er Selbrunnurinn rétt hjá Vífilsstaðaseli, „í mýrarkorni“ og „vestur af liggur Selstígurinn [2103].“[124] Neðst í hvamminum, um 10 m vestnorðvestan og neðan rústarinnar frá yngstu seljasamstæðunni er mýri, bleytupollar og vatnssöfnun og gæti þar verið brunnur. Hans sjást þó ekki glögg merki alltaf.

[124] Ö-Vífilsstaðir GS.



**Mynd 89 Selstígurinn [2113] – Vífilsstaðastígur [1629] rétt áður en komið er heim að bæ.**

## Selstígur – leið [2103] gata – stígur

Í örnefnaskrá segir: „Vífilsstaðaselstígur: Hann mun hafa legið heiman frá bæ, undir Svínahlíð og með Vífilsstaðahlíð skáhalt upp eftir Ljóskollulág upp á hálsinn að Selinu austan Víkurholta.“[125] Selstígurinn lá „suður á Maríuvelli (Maríuflöt) og suður með hraunjaðrinum, upp Ljósukollulág, upp á háhálsinn og suður í lægðardrag þar sem Vífilsstaðasel stóð.“[126]

Stíginn má enn sjá á köflum frá Flóttamannavegi í norðri og meðfram malarstíg sem liggur til suðurs. Erfitt er þó að rekja hann bæði vegna gróðurs og gróðureyðingar. Hann týnist í skóginum og þar sem mikill uppblástur hefur orðið á svæðinu er hann víða horfin. Í gegnum Ljóskollulág sjást þó ennþá svolitlir hlutar af honum en það gætu líka verið nýjar leiðir. Uppi á hæðinni er varða [2108] sem hefur sennilega verið hlaðinn við Selstíginn. Þegar kemur inn í

[125] Ö-Álftaneshreppur GS, 18; sjá einnig: Ö-Vífilsstaðir GS.
[126] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 135.

hvamminn undir Selás sést stígur liggja í átt að seljarústunum [2111-2112-2113]. Hann hefur að hluta verið sameinaður nýrri stikaðri gönguleið en virðist sums staðar vera gamall.



**Mynd 90 Vörðubrot [2101-2102] á Selás ofan við Selið [2111-2112-2113].**

## Kennimörk [2101-2102] varða og vörðubrot

Brot af tveimur vörðum eru ofan við selið á Selási og gætu það verið eldri kennimörk selsins eða kennimörk við Grunnavatnsstíg [1633]. Báðar eru fallnar og lítið eftir af annarri [2102]; hugsanlega hefur hin varðan [2101] verið hlaðin úr grjótinu frá henni. Heillegri varðan [2101] hefur verið lág, líka áður en hún hrundi, og er nú vel gróin.

## Kennimörk [2104-2105-2106] varða og vörðubrot

Þrjár vörður eru uppi á hálsinum vestan við Vífilsstaðasel [2111-2112-2113]. Þær eru í nágrenni við Selstíginn [2103], nokkuð norðan við Selsvörðurnar [2107-2108]. Hlutverk þeirra er óljóst en þær hafa ef til vill tengst selinu á mismunandi tímum og gætu einhverjar verið eldri vörðustæði fyrir selsvörðu við stíginn.



## Selsvörður – kennimark [2107-2108] varða

Tvær tignarlegar vörður blasa við uppi á hálsinum suðvestan við Vífilsstaðasel [2111-2112-2113] og hafa verið áberandi kennimörk fyrir þá sem ætluðu í selið. Hugsanlega eru báðar þessar vörður selsvörður.



## Víkurholtsvarða syðri – landamerki [2069] varða

Í örnefnalýsingum segir: „Víkurholt: Tvö klapparholt uppi á Hálsinum ofan til við Eyjólfshvamm. [...] Víkurholt syðra: Aðeins sunnar og hallaði suður af. Víkurholtsvarðan syðri: Allstór varða uppi á klapparholtinu. Er þá komið í suðurmarkalínu.“[127] „Af Arnarbæli, sem er hornmark, liggur línan niður um Vatnsásinn eða Grunnvatnsás og þaðan upp í Víkurholtsvörðu á Víkurholti eystra.“[128] Víkurholtsvarða syðri stendur enn og er hún syðst af fjórum vörðum sem þarna standa á landamerkjunum [2070-2071-2072].

## Varða – landamerki [2070] varða

Miðja vegu milli Víkurholtsvörðu syðri [2069] og nyrðri [2071] er minni varða en þær liggja allar í línu ásamt þeirri fjórðu og nyrstu [2072] og hafa verið markavörður.

[127] Ö-Álftaneshreppur GS, 18.
[128] Ö-Vífilsstaðir GS.



## Víkurholtsvarða nyrðri – landamerki [2071] varða

Í örnefnalýsingu segir: „Víkurholt: Tvö klapparholt uppi á Hálsinum ofan til við Eyjólfshvamm. Víkurholt nyrðra: Nyrðra holtið, sem var hærra, kallað svo. Víkurholtsvarðan nyrðri: Allstór varða uppi á klapparholtinu.“[129] Enn stendur þarna vegleg varða en sunnan hennar er tvær aðrar vörður [2069-2070] á sömu landamerkjalínu og ein norðan hennar [2072].

## Varða – landamerki [2072] varða

Rétt norðaustan við Víkurholtsvörðu nyrðri [2071] er svolítið minni varða en þær liggja báðar í sömu línu og Víkurholtsvarða syðri [2069] og önnur varða [2070]; þetta hafa verið markavörður.

[129] Ö-Álftaneshreppur GS, 18.

### Selgjárvarða – landamerki [2073] varða

Í örnefnalýsingum segir: „Norðurhellnagjárbarmur syðri: Gjárbarmur sunnan Selgjár liggur úr Urriðakotshrauni allt suður á Hrafnagjá við Gjáarrétt. Norðurhellnagjárbarmsvarða: Varða á gjárbarminum, talin landamerkjavarða. Hornmark milli Vífilsstaða, Urriðakots og Garðakirkjulands.“[130] Norðurhellnagjárbarmsvarða er væntanlega sama og Selgjárvarða sem er sögð vera á gjárbarminum við syðsta selið í Selgjá.[131] Þarna á gjárbarminum er enn þá svolítil varða.

### Vífilsstaðagata [1456]

Samkvæmt örnefnalýsingu var Bjarnarkriki norðan Vífilsstaða, í suðvesturhorni Vetrarmýrar. „Um krika þennan lá Vífilsstaðagatan og síðan austan í Hofstaðaholti.“[132] Vífilsstaðagata lá frá Vífilsstöðum að Þvergilsmel og um Arnarnesholt að Arnarnesi.[133] Þessi forna leið er komin undir byggð.

## Samantekt og niðurstöður

Vífilsstaðir eru forn jörð sem hefur gegnt mismunandi hlutverki gegnum aldirnar. Þeir voru upphaflega landnámsjörð sem var úthlutuð Vífli, leysingja Ingólfs Arnarsonar, og við hann er hún kennd. Síðar komust Vífilsstaðir í eigu Viðeyjarklausturs, þá konungs, svo Garðakirkju og í byrjun 20. aldar var jörðin að lokum gefin undir Vífilsstaðaspítala [1607], hæli fyrir berklalækningar sem varð hið fyrsta á landinu. Vífilsstaðir hafa þannig oft á tíðum verið mikilvæg miðstöð mannlífs. Ekki kemur því á óvart að fornar götur og leiðir kvíslast til og frá Vífilsstaða en margar þeirra er enn þá varðveittar á köflum eða hafa verið sameinaðar síðari

---

130 Ö-Álftaneshreppur GS, 16, 21.
131 Ö-Urriðakot ón.
132 Ö-Vífilsstaðir GS.
133 Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, *Örnefni og leiðir*, 150.

tíma gönguleiðum eða akvegum, sbr. til dæmis Jónshellnastíg – Berklastíg [1613], Grunnavatnsstíg, Selstíg [2103], Moldargötur [1700], Alfaraleiðina [1756] og Flóttaveg 1635.

Á svæðinu hefur verið skráð undir 108 númer. Ekki eru allt fornleifar en fornleifar sem eru friðaðar eru níu en hús voru skráð sem voru á túnakortinu auk þess voru herminjar skráðar.

Fjöldinn allur af vörðum voru við leiðir auk þess sem þær voru eyktarmörk eða landamerki eða kennimörk við staði. Virðist hafa verið venja að hlaða nokkrar vörður saman á landamerkjum en auk þess deildu menn stundum um hvar merkin lágu og hafa þau þá kannski færst til; gæti það skýrt hve margar vörðurnar eru bæði á landamerkjalínunni og í nágrenni hennar. Meðal annars eru allmargar vörður innan við og í útjöðrum framkvæmdasvæðisins og þarf að gæta sérstaklega að þeim. Dæmi um merkar vörður eru Guðnýjarstapi [1641], Hnoðri [1622], Víkurholtsvörður [2069-2071], Dyngjuhólsvörður [1637-1743] og vörðurnar á Vatnási [2133-2134].

Í Hnoðraholti er að finna skotbyrgi [1621] frá veru hersins hér á stríðsárunum sem gæta þarf að, en annað slíkt [1630] er að finna á Hlíðarhorni. Uppi á norðurenda Vífilsstaðahlíðar og í Sandahlíð eru leifar af braggagrunni [2125]. Algerlega einstæð er lágmynd af konu [1655] sem höggvin er í stein í Skyggnisholti en því er varpað fram hér að hún sé sköpunarverk hermanns. Lágmyndina er að finna á ytri mörkum framkvæmdasvæðisins.

Við Smalaholt ofan Vífilsstaðavatns er minjasvæðið Hálshúskriki með Finnsstöðum og Finnsstekk [1616-1617-1652]. Þar er tóft frá beitarhúsi sem hefur verið byggð ofan í manngerðan hól. Garðlag og þústir eru í kring og bendir það til frekari minja undir sverðinum. Líklegt er að þarna sé bæjarhóll forns býlis sem nefndist Finnsstaðir. Hér þarf að fara með gát.

Á Vífilsstöðum sjálfum er margt sem minnir á hið mikilvæga hlutverk þeirra sem lækningamiðstöðvar. Þar eru nokkrar merkilegar byggingar eftir fyrsta íslenska arkitektinn, Rögnvald Ólafsson. Auk spítalans [1607] sem var reistur árið 1910 má nefna gamla fjósið með sambyggðri hlöðu [1606] og starfsmannabústaði [1603-1604]. Þessi steinsteyptu hús urðu til á tímabilinu 1910-1916 og eru því orðin meira en hundrað ára. Öllu látlausari eru útihús [1631-1757] og vatnskofi [1634] við ósinn suðvestan Vífilsstaðavatns, þar sem samnýtt eru byggingarefni eldri og nýrri tíma: steinsteypa, timbur, bárujárn og torf. Í hlíðinni fyrir

ofan eru auk þess tveir gamlir steinsteyptir vatnsgeymar [1619-1657] sem bera vott um mikilvægi svæðisins sem vatnsbóls. Nánasta nágrenni Vífilsstaða ber einnig merki um hlutverk þeirra við berklalækningar. Til slíkra minja má ef til vill telja vörðuna Grímssetu eða Gunnhildi [1632] á norðurenda Vífilsstaðahlíðar, en að henni gengu sjúklingar að sögn til að reyna þol sitt og bættu steinum í hana þegar upp var komið. Varðan kann þó að hafa haft annað eldra hlutverk fyrir tíma spítalans og slíkt hið sama má segja um Berklastíginn eða Jónshellnastíg [1613] sem sjúklingar gengu sér til heilsubótar alla leið að Jónshellum [1614] og tjölduðu og hvíldust á blettum meðfram honum. Áður var þetta fjárgata og í Jónshelli var skjól fyrir fé. Sömu minjar tengjast þannig bæði starfsemi sjúkrahússins og búskap frá Vífilsstaðabænum áður.

Þegar Vífilsstaðaland er skoðað í heild fer mest fyrir fjölbreyttum minjum tengdum búrekstri. Fjárbúskapur var á Vífilsstöðum og einnig kúahald sem jókst til muna eftir að spítalinn tók við rekstrinum. Örnefni eins og Svínahraun og Svínahlíð minna auk þess á fjölbreyttari kvikfjárrækt fyrstu aldirnar eftir landnám. Gamli Vífilsstaðabærinn [1600] hefur líklega fljótlega fallið úr notkun eftir að berklahælið reis þar eð ábúendur gáfu ábúðarréttinn eftir. Ekki sjást lengur nein merki um bæinn á yfirborði en við bæjarstæðið [1600] eru þó leifar af hlöðnum görðum [1602] sem lágu kringum matjurtagarða sem voru í notkun áfram við gömlu bæjarhúsin og húsaleifar gætu leynst undir sverði. Umfang minjasvæðisins kringum síðasta bæjarstæðið gæti verið allt að 100 m en vegna þess hve lengi hefur verið byggð á Vífilsstöðum má auk þess gera ráð fyrir að bæjarstæðið hafi flust til í gegnum tíðina. Því þarf að fara varlega á öllu túninu á þessu svæði og einnig í kringum Vesturtúngarðinn [1601] sem varðveittur er rétt neðan við leikskólann Sunnuhvol. Þá má jafnframt nefna að Austurtúngarðurinn [1609] er varðveittur hinum megin við túnið.

Margar minjar eru um búskapinn í Svínahrauni, bæði í Vífilsstaðahrauni og Urriðakotshrauni, og er eftirtektarvert hve mikið er um litlar hlaðnar kvíar eða aðhöld [1624-1643-1648-1746]. Nefna má stekki, réttir [1638-1658-1640] og ýmiss konar garðlög [1654-1747-1754-1762]. Fjárhústóftir eru til dæmis á mörkum Vatnsmýrar og Svínahrauns [1627-1748] og beitarhús [1623] og fjárborg [1625] í jaðri Urriðakotshrauns neðan Vífilsstaðahlíðar. Þá eru nokkrir fjárhellar á svæðinu, eins og Maríuhellar [1638, 1732] og Sauðahellir við Kolanef [1620] sem

ef til vill hefur einnig verið notaður í tengslum við þá kolavinnslu sem kolagrafirnar [1761] í kringum hann og örnefnin bera vitni um.

Við Selás ofan Svínahlíðar í suðurenda Vífilsstaðalands eru miklar og merkar seljatóftir [2111-2112-2113] með tilheyrandi stekkjum [2109-2114] og kvíum [2110]. Minjarnar eru frá mismunandi tímum og er líklegt að þarna hafi verið haft í seli allt frá miðöldum. Tóftir sem gætu verið frá seli [2008] eru auk þess nokkru norðar við Grunnavatn nyrðra.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

# Heimildir


Erla Bil Bjarnadóttir. *Vífilsstaðir í fortíð og framtíð*. Staðavörður, óprentuð ritgerð við Háskólann á Hólum, Ferðamálabraut, 2008.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*. III. Safn til Sögu Garðabæjar. Garðabær: Garðabær, 2001.

Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir. *Vífilsstaðir: Ný framtíðarsýn*. Óprentuð BS-ritgerð við Landbúnaðarháskóla Íslands, Umhverfisdeild, 2011.

Páll Líndal. „Heiðmörk." *Árbók Ferðafélags Íslands: Þættir um nágrenni Reykjavíkur*, 1985, s. 9-36.

Þorkell Jóhannesson. „Þankabrot um Vífilsstaðasel, sel og selbúskap á Íslandi." *Heima er bezt*, 62. árg., 1. tbl., 2012, s. 29-38.

Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. „Vífilsstaðir." Í *Landið Þitt Ísland*. 5. bindi U-Ö. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1984.


## Fornleifaskráning


*Friðlýsingarbréf Kristjáns Eldjárns þjóðminjavarðar vegna minja í Vífilsstaðalandi, skv. samkomulagi við Skógræktarfélag Reykjavíkur*. Dags. 21. apríl 1964.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson. *Fornleifaskráning í Garðabæ*. FS414-05192. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2009.

Ragnheiður Traustadóttir og Ómar Smári Ármannsson. *Heiðmörk og Sandahlíð í Garðabæ: Fornleifaskráning vegna deiluskipulags*. Rannsóknarskýrsla. 2013.

Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ*. Rannsóknaskýrslur. Byggðasafn Skagfirðinga, 2005.


## Fornrit, jarðabækur og sýslulýsingar


*Gullbringu- og Kjósarsýsla*. Sýslu- og sóknalýsingar. Útg. Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. Reykjavík: Sögufélag, 2007.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1923-1932.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, XIII. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1933-1939.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, XIV. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1944-1949.

*Íslenzk fornrit*, I. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1968.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

## Kort og landamerkjaskrár

*Landamerkjaskrá Urriðakots í Garðahreppi*. Nr. 137. Þinglýst 8. maí 1890 samkvæmt landamerkjabréfi dags. 26. september 1834.

*Túnakort Vífilsstaða*. 1906.

*Túnakort Vífilsstaða*. 1919.

## Árnastofnun - Örnefnasafn

Ö-Álftaneshreppur GS: *Örnefnaskrá Álftaneshrepps hins forna.* Gísli Sigurðsson skráði 1964.

Ö-Urriðakot ón.: *Örnefnalýsing Urriðakots.* Ónafngreindur skrásetjari skráði 1971.

Ö-Urriðakot SP: *Örnefnalýsing Urriðakots.* Svanur Pálsson skráði 1988.

Ö-Vífilsstaðir AG: *Örnefnalýsing Vífilsstaða.* Ari Gíslason skráði. Ekkert ártal.

Ö-Vífilsstaðir GS: *Örnefnalýsing Vífilsstaða.* Gísli Sigurðsson skráði 1971.

Ö-Vífilsstaðir EBB: *Örnefnalýsing Vífilsstaða.* Erla Bil Bjarnadóttir skráði 1991.

Ö-Vífilsstaðir innskot EBB: *Örnefnalýsing Vífilsstaða: Innskot við örnefnalýsingu Svans Pálssonar af Vífilsstöðum*. Erla Bil Bjarnadóttir skráði 1991.

Ö-Vífilsstaðir SP: *Örnefnalýsing Vífilsstaða.* Svanur Pálsson skráði 1988.

## Vefsíður

Unnar Ingvarsson. „Heilsuhælið á Vífilsstöðum.“ *ÞÍ. Teikningasafn 15/5. Þjóðskjalasafn Íslands.* Sótt 8. maí 2019 á: https://skjalasafn.is/heimild/heilsuhaelid_a_vifilsstodum

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1600 | Bæjarnafn | Vífilsstaðir | Gömul nr. | 175-1 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Vífilsstaðatún | Sveitafélag | Garðabær | Skráningad. | 15.04.2013 | Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Býli | Tegund | Bæjarstæði | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Vífilsstaðir | Friðað | Já | Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 900-1918 | Horfin | Já | Horfin ástæða | Sléttað yfir |
| Leið | | Umhverfi | Slétt tún | | |
| Lengd | 80 | Breidd | 60 | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1906-1919 | Örnefnaskrá | Ö-Álftaneshreppur GS, 16.<br>Ö-Vífilsstaðir EBB | | |
| Mæling | Túnakort 1919 | Heimildir | | | |
| Isnet E | 358989,23 | GPS N | 6404897 | | |
| Isnet N | 400785,139 | GPS V | 2153496 | Minjagildi | Hátt |
| Ljósmyndari | | Mótvægisaðgerðir | | | |



Á túnakorti er gamli bærinn sýndur tiltölulega neðarlega í miðju túninu, nokkru fyrir ofan lækinn sem rennur úr Vífilsstaðavatni og 150 m suðvestan við spítalann. Bærinn hefur verið úr torfi og fast austan við hann og sunnan voru kálgarðar. Samkvæmt örnefnaskrá árið 1964 stóð Vífilsstaðabærinn „nær því í miðju túni vestanverðu. Rústir nú.“ Bærinn var í ábúð til 1913 eða þangað til skömmu eftir að berklahæli [1607] var komið upp á jörðinni árið 1910. Í örnefnalýsingu frá árinu 1991 segir: „Bærinn stóð niður við lækinn suðvestur frá hælinu. Rústir sjást enn.“ Miðað við það hafa bæjartóftirnar verið sýnilegar fyrir átján árum en nú er þarna sléttað tún. Engar tóftir sjást á yfirborði en dældir og misjöfnur eru í túninu og leifar gamla bæjarins gætu leynst undir sverði. Ljósmynd er til af gamla bænum frá árinu 1910 ( sjá mynd 3) sem sýnir fimm hús fjögur þeirra snúa fram. Byggð hefur verið lengi á Vífilsstöðum og þarf því að fara með mikilli gát í túninu en umfang minjasvæðisins gæti verið allt að 100 m.

Nr. 1601
Bæjarnafn Vífilsstaðir
Gömul nr.
Jarðatalsnr. 175

Svæði Vífilsstaðatún
Sveitafélag Garðabær
Skráningad. 15.04.2013
Skráning RT-ÓSÁ

Hlutverk Túngarður
Tegund Garðlag
Flokkur Búsetuminjar

Sérheiti Vífilsstaðartún
Friðað Já
Verkefni Rammaskipulag Vífilsstaðir

Ástand Vel greinanlegar fornleifar
Hættumat Mikil hætta
Hættuorsök

Aldur 1800-1930
Horfin Að hluta
Horfin ástæða Sléttað yfir

Leið
Umhverfi Slétt tún

Lengd 56,0
Breidd 1.20
Hæð 0,50
Hleðslu umferð

Túnakort Túnakort 1919
Örnefnaskrá

Mæling Uppmæling
Heimildir

Isnet E 358847,356
GPS N 6404911

Isnet N 400874,712
GPS V 2153636
Minjagildi Hátt

Ljósmyndari RKT
Mótvægisaðgerðir





Í örnefnaskrá segir: „Vífilsstaðatún: Tún býlisins í brekku undir melholtinu.“ Á túnakorti frá 1906 eru sýndir hlaðnir garðar umhverfis túnið austan-, norðan- og sunnanvert og liggja niður að Vífilsstaðalæk [1615]. Á túnakorti frá 1919 kemur fram að túnið sé allt sléttað en stærð þess er ekki gefin upp. Það er umgirt görðum og girðingum á alla vegu nema á kafla sunnan megin þar sem er mýrlendi og lækurinn. Skvt. örnefnaskrá var túnið „umgirt túngörðum, vestan, ofan, norðan og austan. Vesturtúng. lá neðan frá læk upp á holtið. Austurt.r lá ofan af melnum niður undir lækinn.
“ Vífilsstaðatúngarðar eru nú að mestu horfnir en hafa þó varðveist á tveimur köflum. Um 85 m langt brot af túngarði [1609] liggur í suður niður meðfram austurjaðri túnsins; það er afar sigið og nær hleðsluhæðin mest um 0,4 m. Þá liggur um 56 m langt brot af túngarði [1601] í suðvestur neðan leikskólans Sunnuhvols,. .Á túnakortinu 1906 er hins vegar vera teiknuð svolítill veggur sem liggur inn frá garðinum í austur. Á þessum slóðum má nú sjá tóft eða hleðslu [1749] upp við garðinn. Ef til vill hefur barna verið aðhald eða

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1602 | Bæjarnafn | Vífilsstaðir | Gömul nr. | 175-2 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Vífilsstaðatún | Sveitafélag | Garðabær | Skráningad. | | Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Kálgarður | Tegund | Garðlag | Flokkur | Nytjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Ábúðar |
| Aldur | 1800-1930 | Horfin | Að hluta | Horfin ástæða | Slétta |
| Leið | | Umhverfi | Sléttað tún | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lengd | 24 | Breidd | 1.00 | Hæð | 0.60 | Hleðslu umferð | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Túnakort | Túnakort 1919 | Örnefnaskrá | Ö-Vifilsstaðir, EBB | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 359007,069 | GPS N | 6404851 | | |
| Isnet N | 400759,446 | GPS V | 2153441 | Minjagildi | Hátt |
| Ljósmyndari | ÓSÁ | Mótvægisaðgerðir | | | |



Á túnakorti Vífilstaða frá 1919 er tvískiptur kálgarður sýndur fast austan og sunnan við gamla bæinn [1601]. Vestari hlutinn er minni en sá austari stærri. Í örnefnaskrá frá 1991 segir: „Stór tvískiptur matjurtagarður var við bæinn. Torfgarður í kring og skipt með lægri garði, vestri garðurinn var minni. Hann hafði fjölskylda yfirlæknisins, en stærri garðinn átti hælið. Þar voru ræktaðar rófur og kál.“ Leifar austur- og suðurveggja garðsins sjást enn allgreinilega. Þeir eru grjóthlaðnir og hleðsluhæðin mest um 0,5 m. Austurhleðslan er um 25 m að lengd og mun greinilegri en suðurhleðslan sem er um 20 m að lengd. Um 140 m eru milli norðurenda austurhleðslunnar og spítalans [1607]. Sléttað tún er vestan og norðan við garðlögin en austan megin við austurhleðsluna er garðyrkjukofi [1757] og þýfður óræktarmói. Skógarlundur er austan og norðaustan við kálgarðinn.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1603 | Bæjarnafn | Vífilsstaðir | Gömul nr. | 175-3 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Vífilsstaðatún | Sveitafélag | Garðabær | Skráningad. | | Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Bústaður | Tegund | Hús | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Yfirlæknisbússtaður | Friðað | Nei | Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Uppistandandi hús | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Aldur | | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1919 | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Túnakort 1918 | Heimildir | | | |
| Isnet E | 359218,581 | GPS N | 6404901 | | |
| Isnet N | 400839,1020 | GPS V | 2153189 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Hús er sýnt á túnakorti frá 1919 um 70 m austsuðaustur frá berklahælinu [1607] á Vífilsstöðum, rétt sunnan við eystri endann á lengra íbúðarhúsi [1604]. Húsið hefur verið eitt þeirra sem Rögnvaldur Ólafsson arkitekt teiknaði og var byggt um svipað leyti og hælið eða skömmu eftir 1910. Þetta er steinsteypt hús sem stendur enn. Á tímbili var þarna bústaður yfirlæknis Vífilsstaða.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1604 | Bæjarnafn | Vífilsstaðir | Gömul nr. | 175-4 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Vífilsstaðatún | Sveitafélag | Garðabær | Skráningad. | 2019 | Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Bústaður | Tegund | Hús | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Davíðs- og Önnuborg | Friðað | Nei | Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Uppistandandi hús | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Aldur | | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1919 | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Túnakort 1918 | Heimildir | | | |
| Isnet E | 359196,832 | GPS N | 6404911 | | |
| Isnet N | 400856,511 | GPS V | 2153215 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Aflangt hús er sýnt á túnakorti frá 1919 um 30 m austur frá berklahælinu [1607] á milli þess og yfirlæknisbústaðar [1603]. Húsið hefur verið eitt þeirra sem Rögnvaldur Ólafsson arkitekt teiknaði og var byggt um svipað leyti og hælið eða skömmu eftir 1910. Um er að ræða tvö steinsteypt og sambyggð íbúðarhús sem nefndust Davíðsborg og Önnuborg (t.v. á mynd), með yfirbyggðu bíslagi að austan en afhýsi að vestanverðu (t.h. á mynd). Byggingin stendur enn að mestu leyti nema hvað afhýsið náði lengra vestur en þar var líkhús, smíða- og saumastofa. Á tímabili voru íbúðir fyrir starfsmenn spítalans í Davíðsborg og Önnuborg.

Húsið er tekið með því það er á túnakortinu frá 1919.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1605 | Bæjarnafn | Vífilsstaðir | Gömul nr. | 175-5 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Vífilsstaðatún | Sveitafélag | Garðabær | Skráningad. | | Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Útihús | Tegund | Heimild | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Aldur | | Horfin | Já | Horfin ástæða | Bygginga |
| Leið | | Umhverfi | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1919 | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Túnakort 1919 | Heimildir | | | |
| Isnet E | 359197,965 | GPS N | | | |
| Isnet N | 400881,614 | GPS V | | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | | Mótvægisaðgerðir | | | |



Útihús er sýnt á túnakorti frá 1919, um 20 m norður frá Davíðsborg og Önnuborg [1604]. Þarna var áður hænsnahús en það er horfið. Nú er slétt grasflöt þar sem hænsnahúsið stóð.

Nr. 1606 | Bæjarnafn Vífilsstaðir | Gömul nr. 175-6 | Jarðatalsnr. 175

Svæði Vífilsstaðatún | Sveitafélag Garðabær | Skráningad. | Skráning RT-ÓSÁ

Hlutverk Fjós | Tegund Útihús | Flokkur Búsetuminjar

Sérheiti | Friðað Já | Verkefni Rammaskipulag Vífilsstaðir

Ástand Ekki sést til fornleifa | Hættumat Mikil hætta | Hættuorsök Vegna ábúðar

Aldur 1916 | Horfin Já | Horfin ástæða

Leið | Umhverfi

Lengd 63 | Breidd | Hæð | Hleðslu umferð

Túnakort Túnakort 1919 | Örnefnaskrá

Mæling Túnakort 1919 | Heimildir Unnar Ingvarsson, „Heilsuhælið á Vífilsstöðum.“

Isnet E 359035,976 | GPS N

Isnet N 401006,2 | GPS V | Minjagildi

Ljósmyndari RKT | Mótvægisaðgerðir







Útihús er sýnt á túnakorti frá 1919 um 140 m norðvestur af Vífilstaðaspítala [1607]. Það er á svipuðum slóðum og gamla byggingin með fjósi og hlöðu sem enn stendur á Vífilsstöðum. Fjósið var byggt árið 1916, rétt áður en túnakortið var gert, og er greinilega um sama hús að ræða. Hönnun þess hefur verið síðasta verk Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts en þegar hann teiknaði það var hann fársjúkur af berklum. Hann lést sama ár á berklahælinu á Vífilsstöðum sem hann líka hafði teiknað. Fjósbyggingin þótti mjög glæsileg á sínum tíma.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1607 | Bæjarnafn | Vífilsstaðir | Gömul nr. | 175-7 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Vífilsstaðatún | Sveitafélag | Garðabær | Skráningad. | 2019 | Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Spítali | Tegund | Hús | Flokkur | | | |
| Sérheiti | Berklaspítali | Friðað | Nei | Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir | | |

Ástand: Uppistandandi hús
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Aldur:
Horfin: Nei
Horfin ástæða:
Leið:
Umhverfi:
Lengd:
Breidd:
Hæð:
Hleðslu umferð:
Túnakort: Túnakort 1919
Örnefnaskrá:
Mæling: Túnakort 1918
Heimildir:
Isnet E: 359135,481
GPS N: 6404914
Isnet N: 400858,533
GPS V: 2153294
Minjagildi:
Ljósmyndari: ÓSÁ
Mótvægisaðgerðir:



Á annan í hvítasunnu 31. maí árið 1909 kom fjöldi gesta saman að Vífilsstöðum til að fagna því að hornsteinn var lagður að heilsuhæli fyrir berklasjúklinga. Ýmsir höfðu talað fyrir því að hér yrði byggt slíkt heilsuhæli eins og gert hafði verið hjá öðrum þjóðum og stofnaði Oddfellowreglan á Íslandi sérstakt félag árið 1906 til að vinna málinu framgang. „Hvíti dauðinn“ eins og berklaveikin var nefnd snerti alla Íslendinga því talið var að berklar legðu að velli allt að sjöunda hvern mann og oftar en ekki varð ungt fólk sjúkdómnum að bráð. Fólk hafði því mikinn áhuga á þessu framfaramáli og í ræðu sem landlæknir flutti þegar hornsteininn var lagður lét hann þess getið að 114 deildir væru innan félagsins og ríflega 6000 félagar um allt land. Heilsuhælið var reist fyrir samskotafé frá þessu góða fólki, stjórnvöldum og öðrum félagasamtökun.
Sjá en frekar í skýrslu bls. 17.

Nr. 1608
Bæjarnafn Vífilsstaðir
Gömul nr. 175-8
Jarðatalsnr. 175
Svæði Vetramýri
Sveitafélag Garðabær
Skráningad.
Skráning RT-ÓSÁ
Hlutverk Torftökustaður
Tegund Heimild
Flokkur Nytjar
Sérheiti
Friðað Já
Verkefni Rammaskipulag Vífilsstaðir

Ástand Ekki sést til fornleifa
Hættumat
Hættuorsök
Aldur
Horfin Já
Horfin ástæða
Leið
Umhverfi
Lengd
Breidd
Hæð
Hleðslu umferð
Túnakort
Örnefnaskrá
Mæling GPS mæling
Heimildir
Isnet E 359109,593
GPS N
Isnet N 401263,233
GPS V
Minjagildi

Ljósmyndari Loftmynd
Mótvægisaðgerðir



Í *Jarðabók* segir árið 1703: „Torfrista og stúnga nægileg.“ Torftökustaðnum er ekki lýst nánar en líklegt er að hann hafi verið í Vetrarmýri eða Vatnsmýri. Vetrarmýri er um 330 m norðan við Vífilsstaði, milli þeirra og Hnoðraholts, og hefur verið breytt í golfvöll. Vatnsmýri er hins vegar um 100-150 m sunnan Vífilsstaða, neðan túnsins. Þar er nú deig og þýfð mýri, gróin grasi og mosa. Ekki sjást þó lengur nein ummerki um torfristu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1609 | Bæjarnafn | Vífilsstaðir | Gömul nr. | 175-009 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Vífilsstaðatún | Sveitafélag | Garðabær | Skráningad. | | Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Túngarður | Tegund | Garðlag | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | Vífilsstaðatúngarður | Friðað | Já | Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | | Horfin | Að hluta | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1919 | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 359251,262 | GPS N | 6404912 | | |
| Isnet N | 400762,538 | GPS V | 2153629 | Minjagildi | Hátt |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |





Í örnefnaskrá segir: „Vífilsstaðatún: Tún býlisins í brekku undir melholtinu, þar sem heilsuhælið stendur nú.“ Á túnakorti kemur fram að túnið sé allt sléttað en stærð þess er ekki gefin upp. Það er umgirt görðum og girðingum á alla vegu nema á kafla sunnan megin þar sem er mýrlendi og lækur. Samkvæmt örnefnaskrá var túnið „umgirt Vífilsstaðatúngörðum, vestan, ofan, norðan og austan. Vesturtúngarður lá neðan frá læk upp á holtið. Vífilsstaðatúngarðar eru nú að mestu horfnir en hafa þó varðveist á tveimur köflum. Um 85 m langt brot af Austurtúngarði [1601] liggur í suður niður meðfram austurjaðri túnsins; það er afar sigið og nær hleðsluhæðin mest um 0,4 m. Þá liggur um 56 m langt brot af Vesturtúngarði [1609] í suðvestur neðan leikskólans Sunnuhvols, rétt sunnan við göngustíg.  Af túnakortinu má raunar ráða að Vesturtúngarðurinn hafi einungis verið hlaðinn á þessum kafla en frá honum girt með girðingum suður að læknum og norður að Norðurtúngarði.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1610 | Bæjarnafn | Vífilsstaðir | Gömul nr. | 175-10 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Svínahraun | Sveitafélag | Garðabær | Skráningad. | | Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Brú | Tegund | Heimild | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | Vífilstaðalækjarbrú | Friðað | Já | Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | Engin hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | Óviss | Horfin | Já | Horfin ástæða | Ekki vitað |
| Leið | | Umhverfi | Lækur úr Vatnsmýrinni. | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 358947,592 | GPS N | 6404830 | | |
| Isnet N | 400719,94 | GPS V | 2153512 | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | ÓSÁ | Mótvægisaðgerðir | | | |



Á túnakorti frá 1919 er leið yfir lækinn neðan Vífilsstaðatúns. Í örnefnalýsingum segir frá Vífilsstaðalækjarbrú, trébrú sem lá yfir lækinn þegar komið var út um Suðurtraðarhlið: „Þar var Lækjarbrúin yfir lækinn. [...] Lækurinn féll úr Vífilsstaðavatni og þar var Ósinn og Vaðið og nú seinna lá þar Lækjarbrúin yfir á vaðinu.“ Í dag liggur gömul steinsteypt brú yfir lækinn fyrir neðan gamla bæjarstæðið [1600]. Hún er þó töluvert lengra niður með læknum en vaðið [1649] sem hefur verið alveg uppi við ósinn.

Nr. 1611 | Bæjarnafn Vífilsstaðir | Gömul nr. 175-11 | Jarðatalsnr. 175

Svæði Vífilsstaðatún | Sveitafélag Garðabær | Skráningad. 2013 | Skráning RT-ÓSÁ

Hlutverk Traðir | Tegund Heimild | Flokkur Samgönguminjar

Sérheiti Suðurtraðir | Friðað Já | Verkefni Rammaskipulag Vífilsstaðir

Ástand Ekki sést til fornleifa | Hættumat | Hættuorsök

Aldur | Horfin Já | Horfin ástæða

Leið | Umhverfi

Lengd | Breidd | Hæð | Hleðslu umferð

Túnakort Túnakort 1906 og 1919 | Örnefnaskrá Álftaneshreppur GS, 17, Ö-Vífilsstaðir GS.

Mæling Túnakort 1919 | Heimildir

Isnet E 358950,326 | GPS N

Isnet N 400723,0310 | GPS V | Minjagildi

Ljósmyndari Túnak.1906 | Mótvægisaðgerðir



Á túnakorti frá 1919 er sýnd leið sem liggur um Vífilsstaðatúnið fram hjá gamla bænum, austan megin. Annars vegar lágu traðirnir [1612] norðaustur um hlið á túngarðinum [1601-1609] norðan megin og þaðan áfram í Alfaraleiðina [1647]. Hins vegar lágu traðir [1611] suðvestur yfir Vífilsstaðalæk neðan túnsins. Í örnefnalýsingum segir: „Suðurtraðir: Lágu heiman frá bænum niður að Lækjarbrúnni. Suðurtraðarhlið: Var á túngarðinum niður undan bænum. Norðurtraðir: Var eiginlega troðningur af Alfaraveginum heim að bæ. Norðurtraðarhlið: Hlið á Norðurtúngarðinum.“

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 1612 | Bæjarnafn | Vífilsstaðir | Gömul nr. | 175-12 | Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | Vífilsstaðatún | Sveitafélag | Garðabær | Skráningad. | 2013 | Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Traðir | Tegund | Heimild | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | Norðurtraðir | Friðað | Já | Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Aldur | | Horfin | Já | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1906 og1919 | Örnefnaskrá | Álftaneshreppur GS, 17, Ö-Vífilsstaðir GS. | | |
| Mæling | Túnakort 1919 | Heimildir | | | |
| Isnet E | 359027,908 | GPS N | | | |
| Isnet N | 400829,87 | GPS V | | Minjagildi | |
| Ljósmyndari | Túnak. 1906 | Mótvægisaðgerðir | | | |



Á túnakorti frá 1919 er sýnd leið sem liggur um Vífilsstaðatúnið fram hjá gamla bænum, austan megin. Annars vegar lágu traðirnir [1612] norðaustur um hlið á túngarðinum [1601-1609] norðan megin og þaðan áfram í Alfaraleiðina [1647]. Hins vegar lágu traðir [1611] suðvestur yfir Vífilsstaðalæk neðan túnsins. Í örnefnalýsingum segir: „Suðurtraðir: Lágu heiman frá bænum niður að Lækjarbrúnni. Suðurtraðarhlið: Var á túngarðinum niður undan bænum. Norðurtraðir: Var eiginlega troðningur af Alfaraveginum heim að bæ. Norðurtraðarhlið: Hlið á Norðurtúngarðinum.“

| | |
|---|---|
| Nr. | 1613 |
| Bæjarnafn | Vífilsstaðir |
| Gömul nr. | 175-13 |
| Jarðatalsnr. | 175 |
| Svæði | SVínahraun |
| Sveitafélag | Garðabær |
| Skráningad. | 13.08.2017 |
| Skráning | RT-ÓSÁ |
| Hlutverk | Leið |
| Tegund | Gata |
| Flokkur | Samgönguminjar |
| Sérheiti | Jónshellnastígur |
| Friðað | Já |
| Verkefni | Rammaskipulag Vífilsstaðir |
| Ástand | Greinanlegar fornleifar |
| Hættumat | Engin hætta |
| Hættuorsök | Vegna trjáræktar |
| Aldur | |
| Horfin | Nei |
| Horfin ástæða | |
| Leið | Jónshellnastígur-Berklastígur |
| Umhverfi | Hraun, mosi og birkiskógur |
| Lengd | |
| Breidd | |
| Hæð | |
| Hleðslu umferð | |
| Túnakort | |
| Örnefnaskrá | Ö-Vífilsstaðir GS,   Ö-Vifilsstaðir EBB. |
| Mæling | Uppmæling |
| Heimildir | |
| Isnet E | 358756,841 |
| GPS N | 6404703 |
| Isnet N | 400492,602 |
| GPS V | 2153732 |
| Minjagildi | |
| Ljósmyndari | ÓSÁ |
| Mótvægisaðgerðir | |



